

Lítið eftirlit haft með öflugustu byssum landsins

HVALVEIÐAR Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann ekki leyfi Hvals hf. fyrir þeim fjórum skutulbyssum sem notaðar hafa verið til langreyðarveiða hér við land þegar óskað var afrita af leyfunum. Svo virðist sem eftirlit með þessum öflugustu vopnum í einkaeygu hér á landi sé lítið sem ekkert.

Hvalveiðar fyrirtækisins Hvals hf. eru nú til rannsóknar hjá lögreglunni á Vesturlandi. Samtökin Jarðvinir lögðu fram kærnu vegna veiða fyrirtækisins á blendingshvöllum. Í framhaldinu hafa Jarðvinir óskað gagna um eftirlit og leyfi fyrirtækisins fyrir skutulbyssum sem notaðar eru. Er þetta 90 mm Kongsbertskutulbyssur, sérhannaðar til hvalveiða.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, sem annast skráningu vopna, segir byssurnar ekki hafa verið skráðar í kerfi lögreglunnar. „Í tilefni af fyrirsögninni leitaði embætti LRH umræddra leyfa en þau fundust ekki á pappirsformi,“ segir í svari embættisins. „Hafa verður í huga að skip fyrirtækisins komu til landsins árið 1964 og 1965 ásamt umræddum byssum.“

Í tilefni af fyrirsögninni leitaði embætti LRH umræddra leyfa en þau fundust ekki á pappirsformi.

Úr svari LRH við ósk um gögn varðandi skráningu skutulbyssanna

Þá virðist sem ekkert eftirlit sé með vopnunum sjálfum. Lögreglan tekur vopnin ekki út reglulega og bæði Vinnueftirlitið og Samgöngustofa segja eftirlitið ekki á sinni könnu. Vinnueftirlitið fer aðeins með eftirlit með skotfærnum sjálfum en öflug sprengihleðsla gerir það að verkum að meðhöndlun skotfærunna fellur undir reglugerðir um meðhöndlun sprengiefna.

Engin innlendir aðili hefur eftirlit með vopnunum en Vinnueftirlitið hefur eftirlit með skotfærnum.

Þar sem svo langt er síðan byssurnar komu til landsins hefur LRH ákveðið að skrá vopn Hvals hf. í bækur sínar. „EKKI verður annað séð en að skutulbyssur fyrirtækisins hafi verið fluttar til landsins á sínum tíma í samræmi við þágildandi lög og reglur og hafa þær því verið skráðar í rafræna skotvopnaskrá RLS.“

Á þessu ári breytti sjávarútvegsráðherra reglugerð um hvalveiðar þess efnis að krefjast ekki lengur yfirbyggðs skurðflatar við langreyðarveiðar eins og krafist hafði verið í langan tíma. Hvalur hf. fór aldrei að þessari reglugerð og Matvælastofnun gerði aldrei alvarlega athugasemd við atvikin. –sa

Árið 2017 bárust LRH

300

tilkynningar um kynferðisbrot

En staða brotaþola er aftur á móti veik þar sem brotaþolar eru ekki aðilar að sakamálinu og hagsmunir þeirra ekki skilgreindir og tryggðir með sambærilegum hætti.

Hildur Fjóra Antonsdóttir, doktorsnemi í réttarfélagsfræði



Sakaður um alvarleg brot

Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið kærður til lögreglu fyrir meint brot gegn nokkrum konum. Maðurinn meðhöndlar einstaklinga sem glíma við stoðkerfisvanda og meint brot eiga að hafa átt sér stað í meðferð hjá honum. Réttargæslumaður kvennanna segir rannsókn málsins miða hægt áfram.

Í kynferðisbrotamálum á Íslandi er lítið á brotaþola sem vitni í eigin málum. Rætt hefur verið um að þar sé pottur brotinn. ➔ 12

Sein afgreiðsla kynferðisbrotamála innan lögreglunnar er þekkt fyrirbæri. Doktorsnemi í réttarfélagsfræði telur margar og flóknar ástæður liggja þar að baki. Hins vegar geti það haft áhrif á framgang mála að rannsóknarlögreglumenn og aðstoðarsaksóknarar hafi trú á einstökum málum.



74	Um 50% mála felld niður	
	■ Felld niður	■ Ákæruð
83	■ Annað*	■ Annað*
	■ Annað*	■ Annað*
146	■ Annað*	■ Annað*
	■ Annað*	■ Annað*

2012	2013	2014	2015	2016
Felld niður 33	Felld niður 36	Felld niður 40	Felld niður 28	Felld niður 9
Ákæruð 19	Ákæruð 24	Ákæruð 21	Ákæruð 9	Ákæruð 10
Annað* 1	Annað* 4	Annað* 1	Annað* 9	Annað* 59

*Aðrar niðurstöður, eins og til dæmis óafgreidd mál, málið afgreitt erlendis eða rannsókn á málinu hætt.

■ Af þeim 83 málum sem ákært var í voru 10 sakfellingar.

■ Í tölulegum upplýsingum er um að ræða afgreidd brot hjá ríkissaksóknara, ekki fjölda kæra.

Krónan veikist

MARKAÐURINN Meginskýringin á skarpri gengislækkun íslensku krónunnar að undanförunu er ótti manna um að kjaraviðræður á komandi misserum fari úr böndunum, að mati forseta Hægfræðideildar Háskóla Íslands. „Margir óttast að ferðaþjónustan sé brothætt og jafnframt hafa kröfugerðir verkalýðsfélaganna vakið угг,“ segir Ásgeir Jónsson dósent við HÍ.

Krónan hefur ekki verið veikari í tvö ár og hefur veikt um sex prósent í þessum mánuði. Bent er á að viðskiptaafgangur hefur minnkað verulega og ekkert lát virðist á fjárfestingum lífeyrissjóða í gjaldeyri. –kij



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Þóroldur Matthíasson fjallar um laxeldi og gjaldtöku. 22

SPORT Markmiðið var að vinna gull, segir Guðbjörg Jóna. 26

MENNING Segist hafa fengið fyrirbærið þögn nánast á heilann. 34

LÍFÍÐ Piratinn Dóra Björt las á borgarstjórnarfundum þekktan skets eftir grínarana í Little Britain. Fréttablaðið tók saman hvaða aðra sketsa borgarstjórn gæti tekið. 43

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK
*Samkvæmt prentmiðlökörnum Gallup apríl-júní 2015

GRIKK Eða GOTT?

Grasker Halloween

599

kr. stk.

KRÓNAN

Notaðu N1 punktana

...til að kaupa ilmandi kaffibolla

Allt aftur til staðar **N1**

Veður



Suðaustan 10-18 og rigning, en þurr norðaustantil. Með kvöldinu snýst vindur til sunnanáttar og lægir um landið vestanvert. **SJÁ SIÐU 30**

Lukku-Láki og vinir ekki undanskildir

MENNING Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir myndasögur falla undir ákvæði frumvarps hennar sem miðar að því að efla útgáfu bóka á íslensku. Lilja mælti fyrir frumvarpinu fyrir í vikunni.

Fréttablaðið hafði greint frá óánægju Gísla Einarssonar, framkvæmdastjóra Nexus, sem óttaðist að myndasögurnar og myndrænar skáldsögur væru skildar út undan í frumvarpinu.

„Frumvarpið er mikil innspýting í bókageirann og mun hafa jákvæða keðjuverkun fyrir bókautgáfu, rithöfunda og myndasögur,“ segir Lilja. – khn



Æfðu viðbrögð við árás á stjórnstöð Gæslunnar



Bandarískir landgöngulíðar æfðu viðbrögð við árás á stjórnstöð Landhelgisgæslunnar í gær en fram undan er stór heræfing NATO á Norður-Atlantshafi og í Noregi. Sérsvaitin passaði hermennina meðan á æfingunni stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Á Plússíðu Fréttablaðsins má sjá fleiri myndir frá heræfingunum. Fréttablaðið +PLÚS er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.



IKEA-geithafurinn komin á lappir í Kaupþúni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Geitin komin á sinn stað

SAMFÉLAG IKEA-geithafurinn, óformlegur boðberi jólahátíðarinnar, er komin á sinn stað við verslun IKEA í Kaupþúni í Garðabæ. Geitin, sem er úr strá, á rætur að rekja til sænskrar hefðar en í bænum Gävle

hafa íbúar árum saman reist strágeit í aðdraganda jóla.

Einnig er hefð fyrir tortímingu geitarinnar í Kaupþúni. Á síðustu árum hefur hún ýmist fuðrað upp í eldhafi eða láðast í sundur í óveðri. – khn

Ekkert okur hjá H&M

Litill munur er á vöruverði H&M hér og í nágrennalöndum. Ísland ekki einu sinni dýrast samkvæmt athugun Fréttablaðsins. Verð virðast samkeppnishæf.

NEYTENDUR Litill verðmunur er í flestum tilfellum á nýjum fatnaði í H&M hér á landi og í Noregi samkvæmt athugun Fréttablaðsins. Heldur meiri verðmunur er á milli H&M hér og í Bretlandi en þó ekki nærri því sem Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, hélt fram á dögnum. Fullyrta hann að verð í H&M hér á landi væri „yfirleitt um 30 prósentum herra“ en á hinum Norðurlöndunum og undir þær fullyrðingar tók dósent við Háskóla Íslands.

Fréttablaðið athugaði verð á nokkrum nýjum vörum úr haustlínu herra í verslun H&M í Kringlunni og þar saman við úppgefin verð í fjórum öðrum löndum.

Þegar verð hér er borið saman við í Noregi má sjá að munurinn er óverulegur, eða í kringum fjögur prósent, á tveimur vörum. Mestur er verðmunurinn á þunnri peysu sem kostar hér 2.495 krónur en sem nemur 2.151 krónu í Noregi. Munurinn er 16 prósent eða 344 krónur. Munurinn á sömu peysu hér og í Bretlandi er 24 prósent eða 485 krónur.

Athygli vakti að Chelsea-ókkaskór eru ódýrari hér. Raunar reyndust skórnir ódýrari hér en bæði í Noregi og Danmörku og er verð þeirra nær því sem tíðkast í Bretlandi.

Litill verðmunur reyndist einnig á H&M hér og í Danmörku og Svíþjóð. Mestur var verðmunurinn á peysunni þunnu milli Íslands og Svíþjóðar eða 26,7 prósent.

Fyrir herra yrði dýrast að kaupa sér allar fjórar vörurnar í athugun Fréttablaðsins í Danmörku og myndi það kosta 27.848 krónur, örlítið meira en hér þar sem þær kosta 27.480 krónur. Í Noregi kosta vörurnar 26.654 krónur, í Svíþjóð 24.401 krónu og ódýrastar yrðu þær í Bretlandi, á 23.677 krónur. Munurinn á verðinu vörunum fjórum á Íslandi



Ný verslun H&M við Hafnartorg var opnuð í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verðkönnun Fréttablaðsins á haustlínu H&M



Herrafrakki	
Ísland	14.995 kr.
Noregur	14.425 kr.
Bretland	12.383 kr.
Danmörk	14.581 kr.
Svíþjóð	13.206 kr.



Peysa	
Ísland	2.495 kr.
Noregur	2.151 kr.
Bretland	2.010 kr.
Danmörk	2.354 kr.
Svíþjóð	1.969 kr.



Peysa	
Ísland	4.495 kr.
Noregur	4.317 kr.
Bretland	3.868 kr.
Danmörk	4.544 kr.
Svíþjóð	3.952 kr.



Chelsea-skór	
Ísland	5.495 kr.
Noregur	5.761 kr.
Bretland	5.416 kr.
Danmörk	6.369 kr.
Svíþjóð	5.274 kr.

Öll verð í íslenskum krónum m.v. gengi gjaldmiðla 17. október.

og þar sem það er lægst, í Bretlandi, nemur 3.803 krónum.

Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, sakaði framkvæmdastjóra H&M á Íslandi um óskammfeilni eftir að hann fullyrta í samtali við Vísu á dögnum að verðið hér væri samkeppnishæft við nágrennalöndin.

Sagði Gylfi H&M „miklu dýrara

hér en í Noregi“ og það blásti við. „Er H&M þar þó líklega það dýrast utan Íslands.“

Athugun Fréttablaðsins, þó hún sé ekki tæmandi, sýnir að Gylfi fer með rangt mál á Facebook-síðu sinni í vikunni þar sem hann sagði að enginn Íslendingur með snefil af sjálfsvirðingu ætti að stiga fæti inn í H&M. mikael@frettabladid.is

NÝTT!
- 11KR.

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

Kynntu þér afsláttarþrep Orkunnar á orkan.is.





Bandarískur landgönguliði tryggir svæðið í imyndaðri hriðjuverkaárás á stjórnstöð Landhelgisgæslunnar. Illa viðraði til æfinga en hryðjuverkamenn spyrja svosem ekki að því. FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

Sérsveitin gætti hermanna sem æfðu sig á Íslandi í gær

Bandarískir hermenn æfðu viðbrögð við hryðjuverkum á Íslandi í gær. Fjöldi hermanna er kominn til landsins og von er á fleirum til æfinga og ráðstefnuhalds í aðdraganda stærstu æfingar NATO frá 2015. Sérsveitin tekur þátt í æfingunum og sér um öryggisgæslu. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, lét sig ekki vanta á heræfingu á Suðurnesjum gær.



Á annað hundrað hermanna tók þátt í gær en fjölmennari æfingar verða í Þjórsárdal á næstunni.



Landgönguliðarnir létu ekki íslenska suddann á sig fá.



Sérsveitarmenn höfðu vökult auga með hermönnum meðan þeir æfðu sig.

» Trident Juncture, heræfing NATO, fer fram í Noregi og á Norður-Atlantshafi á næstunni. Um 40.000 hermenn og borgaralegir sérfræðingar taka þátt í henni.



Öryggis hermanna verður ekki gætt án öflugra vopna.



Hermönnum var flogið til lendingar frá flugmóðurskipi.

Ford

ECOSPORT



HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

FORD ECOSPORT KOSTAR FRÁ: 2.750.000 KR.

FORD ECOSPORT TITANIUM S
SJÁLFSKIPTUR KOSTAR:

3.490.000 KR.



Ford er frábær!

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport

ford.is



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Borgarbúar kjósa um rafrænt eftirlit og ýmsar umbætur í hverfum

REYKJAVÍK Borgarbúar ganga nú til kosninga á vefnum hverfidmitt.is um ýmsar framkvæmdir í hverfum Reykjavíkur en þetta er í sjöunda sinn sem slík íbúakosning fer fram á vefnum borgarinnar.

Borgin leggur 450 milljónir til verkefnisins í ár og hefur þeirri fjárhæð verið skipt á milli hverfana eftir fjölda íbúa.

Íbúar sem eru eða verða 15 ára á árinu hafa kosningarétt en hingað til



Kjósa má um öflugra eftirlit í helstu úthverfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hefur aldurstakmarkið verið 16 ár. Forval verkefna hefur þegar farið fram og kosið er á milli verkefna sem komust í gegnum fyrri síu.

Meðal verkefna sem kjósa má um í flestum hverfum eru göngulþveranir gatna, vatnspóstar, endurbætur á göngustigum, leik- og sparkvöllum, fjölnota hreysti- og klífursvæði, þurrgrufuböð við sundlaugar, nýjar ruslafötur og fleira.

Auk framangreindra verkefna gefst

íbúum í Grafarvogi kostur á að kjósa um rafræna vöktun við innganga í hverfið sem kosta myndi 33 milljónir, íbúar í Vesturbænum geta kosið um hundagerði við Vesturbæjarlaug fyrir 4 milljónir og Arbeiðingargætu varið sömu fjárhæð í deilijólástæði.

Snjallvæðing Breiðhýltinga vekur athygli en þeir getu kosið sér hleðslukápa fyrir snjalltæki og snjallbækk til að setjast á meðan hlaðið er.

Íbúar Grafarholts geta kosið sér meira skjól með auknu fé til gróðursetninga og íbúar Hlíða kosið bætt aðgengi að strömsminjum í Óskjuhlíð og tjörn á Klambatunum. Kjálnessingar kosið að virkja vindinn með vindmyllu fyrir 4 milljónir. Þeir eiga þess einnig kost að auka rafræna vöktun í sínu hverfi líkt og Grafarvogsbúar.

Kosningin hófst í gær og fer fram á vefnum hverfidmitt.is. Íbúar hafa allan októbermánuð til að kjósa. —aa



Íbúðir í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Fyrstu kaup aldrei erfiðari

VIÐSKIPTI Íbúðaverð hækkar um 8,2 prósent á þessu ári gangi spá greiningardeildar Íslandsbanka eftir. Spáð er 5,5 prósent hækkan á næsta ári og 4,4 prósent hækkan árið 2020. Greining Íslandsbanka segir að aldrei hafi verið erfiðara að kaupa fyrstu eign miðað við laun.

Greining Íslandsbanka hefur tekið saman víðamikla skýrslu um íbúðamarkaðinn hér á landi. Þar kemur fram að hlutfall íbúðaverðs og launa hafi verið um tíu prósent yfir langtímameðaltali á síðastliðnu ári. Til samanburðar fór hlutfallið hæst í 29 prósent yfir meðaltal í síðustu upp-sveifu og var því talsvert erfiðara að kaupa húsnæði þá en í dag miðað við laun.

„Hlutfall launa aðila á algengum fyrstu kaupum aldri og verðs á smærri eignum var um 31 prósent yfir langtímameðaltali á síðastliðnu ári og hefur það aldrei verið hærra,“ segir jafnframt í greiningunni. —smj

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Vonar að hin frjálslyndari öfl á Alþingi þori að taka sig saman

Þingflokkur Viðreisnar auk tveggja þingmanna Pírata hefur lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagðar eru til víðamiklar breytingar á búvörulögum. Er frumvarpinu ætlað að auka frelsi og sjálfræði framleiðenda. Formaður Landssambands kúabænda bendir á að landbúnaður búi hvergi við algjört viðskiptafrelsi.

ALÞINGI „Ég er sannfærð um að með eðlilegum leikreglum munum við sjá markaðinn blómstra og verða sterkari með aukinni nýsköpun og fjölbreytni,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar. Hún hefur ásamt þingflokki sínum og tveimur þingmönnum Pírata lagt fram frumvarp á Alþingi um víðamiklar breytingar á búvörulögum.

Er í frumvarpinu lagt til að undanþágur mjólkuriðnaðar frá samkeppnislögum verði afnumdar og að verðlagsnefnd búvára verði lögð niður. Markmið flutningsmanna er að auka frelsi og sjálfræði framleiðenda til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum.

„Þetta eru mjög eðlilegar breytingar að gera á 21. öldinni, það er með ólíkindum að það ríki ekki full samkeppni í mjólkuriðnaði. Ég bind nú ekki miklar vonir við að Framsóknarflokkarnir þrír í ríkisstjórn breyti miklu. Þeir hafa allir mikil tengsl við mjólkuriðnaðinn og ég hef fundið það á skömmum tíma í stjórnarandstöðu að það er lítil vilji til að breyta þessu,“ segir Þorgerður.

Hún vonast þó til að frjálslynd öfl á Alþingi þori að taka sig saman. „Þeir flokkar sem kenna sig við frelsi og frjálsa samkeppni þurfa sérstaklega að útskýra það af hverju þeir vilji ekki breyta kerfinu.“

Þá segir Þorgerður að itrekuð álit Samkeppniseftirlitsins um mjólkuriðnaðinn þurfi að taka alvarlega. „Álit Samkeppniseftirlitsins eru ekki einhver konfliktkassi fyrir stjórnvöld að velja úr.“

Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, segir ekki



Mjólkuriðnaðurinn er undanskilinn ákvæðum samkeppnislaga hvað varðar samráð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það þarf samt að hafa í huga að landbúnaður býr hvergi við algert viðskiptafrelsi.

Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda

óeðlilegt að þessir flokkar leggi fram svona frumvarp í nafni frelsis og frjálslyggju. „Það þarf samt að hafa í huga að landbúnaður býr hvergi við algert viðskiptafrelsi. Allar þjóðir styðja við landbúnað á einhvern hátt, hvort sem það er með tollum eða einhvers konar takmörkunum á innflutningi.“

Þannig gangi það ekki upp að gera viðskipti með landbúnaðarvörur alveg frjáls hér meðan það sé ekki gert annars staðar.

„Við bændur sláum ekki hendinni á móti samkeppni og endurskoðun á

starfsumhverfi okkar. Það eina sem við förum fram á er að sanngirni sé gætt og að ekki verði teknar ákvarðanir í fljótfærni. Ég held að bændur séu almennt sáttir við kerfið en landbúnaðarkerfi eiga að vera í sífelldri endurskoðun.“

Þá bendir hann á að sjálfræði bænda til markaðssetningar séu engin takmörk sett. „Það er algengur misskilningur í umræðunni að mönnum séu settar skorður við framleiðslu og markaðssetningu. Það eru engar skorður á því.“
sighvatur@frettabladid.is

jeep.is



MÁN ÞRI MID FIM FÖS LAU SUN

Litli bróðir Jeep. Grand Cherokee.

JEEP COMPASS LIMITED
JEEP. 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

EINI JEPPIÐ Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI SEM BÝÐUR UPP Á LÁGT DRIF.

Jeep, Compass er útbúinn með alvöru fjórhjóladrif: Jeep, Active Drive, sem gerir ökumanni kleift að velja um fjórar drifstillingar sem taka mið af akstursundirlagi hverju sinni. Auto, Snow, Sand og Mud ásamt því að læsa milli fram- og afturdrifs í Limited og til viðbótar í Trailhawk er fimmta stillingin Rock ásamt lágu drifi. 2.0 lítra dísel 140 h.ö. eða 170 h.ö. og 170 h.ö. bensínvél. 9 girja sjálfskipting.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



Herra,
lagervinn
outlet
líka fyrir konur

**Troðfull verislun
af merkjavöru!**

40-60%

afsláttur af öllum vörum

Fagna frumvarpi um tilkynningaskyldu

Risavaxið verkefni biður heilbrigðisyrvalda verði frumvarp um tilkynningaskyldu vegna alvarlegra sjúkdóma og erfðabreyta samþykkt.

HEILBRIGÐISMÁL „Mín fyrstu viðbrögð eru þau að ég fagna því að þessu máli verði þokað áfram. Við verðum að finna viðunandi lausn varðandi miðlun og nýtingu persónuupplýsinga í einstaklingsmiðuðum forvörnum.“ Þetta segir Alma Dagbjört Möller landlæknir um lagafrumvarp átta þingkvenna úr öllum flokkum á Alþingi en með því yrði heilbrigðisyrvaldum heimil að tilkynna einstaklingum að þeir beri erfðabreytileika sem felur í sér yfirgnæfandi líkur á alvarlegum sjúkdómi.

Verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd verður sögulegt fordæmi sett um meðferð erfðaupplýsinga í einstaklingsmiðuðum forvörnum. Aðgerð sem þessi er sem stendur aðeins mögleg hér á

landi, enda hefur engin þjóð jafn djúpstæða þekkingu á erfðamengi þegna sinna og Ísland.

Frumvarpið, sem tekur til breytinga á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, skyldar ábyrgðarmenn rannsókna til að tilkynna tilviljanakennda greiningu á alvarlegum sjúkdómi, þar á meðal erfðabreytileika sem felur í sér auknar líkur á alvarlegum sjúkdómi, til Embættis landlæknis. Það er síðan embættisins að afla nauðsynlegra persónuupplýsinga og í kjölfarið upplýsa viðkomandi um hættuna og veita ráðgjöf um meðferðarúræði.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er ekki talið að tæknileg útfærsla breytinganna muni reynast erfði úrlausnar. Það sem tekur við hjá einstaklingnum eftir greiningu er annað og flóknara mál.

„Þetta er risavaxið verkefni,“ segir Alma. „Það verður að vera hægt að gera eitthvað með þessar upplýsingar og við þurfum að leggjast í mikla greiningu í sambandi við það. Það þarf að meta ætlað umfang, það þarf að styrkja erfðaráðgjöf og það þarf auðvitað að skilgreina viðbrögðin við hverjum og einum sjúkdómi. Ef það er eftirlit, hvernig verður það skipulagt? Ef það er meðferð, hvernig er hún veitt?“

Talið er að 0,8 prósent íslensku þjóðarinnar beri landnemastökkbreytinguna 999del5 í BRCA2-geni. Breytingin felur í sér mikla hættu á arfgengum brjóstakrabbameini og krabbameini í eggjastokkum. Um 86 prósentu líkur eru á að konur með breytinguna fái illvigt krabbamein. Karlar með breytinguna eru mun líklegri til að fá krabbamein



Frumvarpið tekur til sýna sem aflað er við framkvæmd vísindarannsókna og gagnarannsóknna NORDICPHOTOS/GETTY

í blöðruhálskirtil og bris. Karlar og konur með breytingu í BRCA2 greinast yngri með krabbamein og oft er meinið gengið lengra við greiningu.

Þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu færa rétt þeirra sem vilja vita ofar þeirra sem ekki vilja vita. Þeir sem ekki hafa áhuga á að fá upplýsingar um aukna hættu verði, samkvæmt frumvarpinu, að tilkynna það til Embættis landlæknis.

„Það verður að tryggja rétt stóra hópsins sem vill fá að vita, en um leið verður að reyna að tryggja rétt þeirra sem ekki vilja vita. [...] Mér finnst mikilvægt að við séum ekki að gæta hagsmuna hóps svo rosalega vel að það geti kostað líf annarra, þess vegna viljum við snúa þessu við,“ segir Oddný G. Harðardóttir, fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.

Tillögum starfshóps um nýtingu erfðaupplýsinga í einstaklingsmiðuðum forvörnum var skilað til heilbrigðisráðherra fyrr á þessu ári. Niðurstaða starfshópsins var að heppilegast væri að gefa fólki kost á að sækja upplýsingar sem þessar í gegnum vefgátt. Ætlað

Það verður að tryggja rétt stóra hópsins sem vill fá að vita.

Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar



Hann hefur lengi talað fyrir því að tilkynna eigi um breytingu í BRCA2. „Þetta er lífshættuleg stökkbreyting, og mér finnst það grimmt og ljótt að búa til þannig venjur í íslensku samfélagi að það megi ekki vara fólk við. Við erum að setja fordæmi með nýtingu þessara upplýsinga, en við erum ekki að setja neitt dæmi með því að bjarga fólki sem er í lífshættu.“

Hugmyndir um ætlað samþykki í tengslum við BRCA2 hafa lengi verið viðraðar. Sú aðferð hefur þó verið gagnrýnd, þá sérstaklega með vísan í að einstaklingur sem fær að vita um breytingu sitji í raun eftir með litíð í höndunum annað en ógnvænlegar upplýsingar um auknar líkur á krabbameini. Erfitt sé að nýta upplýsingar sem þessar í forvörnum. Kári segir þetta af og frá og vísar til fyrirbyggjandi eggjastokka- og brjóstnáms. Hvort tryggja minnki verulegar líkurnar á myndum krabbameins.

„Það vill svo til að þegar kemur að þessari stökkbreytingu þá er hægt að bregðast við þannig að það minnki gífurlega mikið þá áhættu sem steojar að arberunum,“ segir Kári og bætur við: „Í raun skil ég ekki ástæðuna fyrir því að það þurfi að breyta lögum, því í íslensku samfélagi höfum við alltaf haft það þannig að þegar við vitum að einhver er í lífshættu sem veit ekki af því, þá látum við viðkomandi vita af því.“ kjartanh@frettabladid.is

86%

líkur eru á að konur með breytingu í BRCA2 fái krabbamein.

» Könnun Krabbameinsfélags Íslands leiddi í ljós að 97 prósent kvenna sem komu í krabbameinsskimun svöruðu játandi spurningunni um hvort þær vildu fá upplýsingar um aukna hættu á krabbameini sökum erfðabreytileika.

Trudeau fær sér ekki smók

KANADA Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, sagðist í gær ekki ætla að reykja kannabis þótt það væri orðið löglegt í ríkinu. „Ég drekk ekki einu sinni kaffi. Ég hef engin plön um að neyta k a n n a b i s e f n a,“ sagði ráðherrann á blaðamannafundi.

Nærri aldargömul bannstefna leið undir lok í Kanada í gær og varð löglegt að selja, rækta og neyta kannabis í landinu á meðan sérstakar reglugerðir voru settar um athæfið. Reglurnar eru mismunandi eftir fylkjum en alls staðar er athæfið þó löglegt. Langar ráðir mynduðust fyrir utan nýja útsöluastaði viðs vegar um landið.

„Agóðinn fer úr höndum glæpamanna. Við verndum börnin okkar. Í dag verður #kannabis löglegt og regluvætt um allt Kanada,“ tísti forsætisráðherrann svo.

Trudeau hefur þó áður viðurkennt að hafa neytt kannabisefna. Árið 2013 sagðist hann til að mynda hafa gert það fimm eða sex sinnum yfir ævina. – þea

Justin Trudeau

Nítján myrt á Krimskaga

ÚKRAÍNA Að minnsta kosti nítján voru myrt og tugir til viðbótar særðust í skotárás á háskóla á Krimskaga, sem Rússland hefur innlimað en alþjóðasamfélagið alítur hluta af Úkraínu. Samkvæmt rússneskum rannsakendum skaut 18 ára nemandi sér leið í gegnum skólann áður en hann svípti sig lífi. Þá hafa vitni einnig greitt frá því að þau hafi heyrt sprengingu. Hinn meinti árásarmaður var nafngreindur í gær. Sagður hafa heitið Vladislav Rosljakov.

BBC í Rússlandi fjallaði um málið. Ígor Sakharevskij, vitni að árásinni, sagðist hafa verið í mótuneyti skólans þegar árásin var gerð. „Ég stóð rétt hjá fyrstu sprengingunni, við innanginn, nærri hlaðborðinu. Ég var í algjöru losti og bekkjarfélagi minn fór að toga mig í burtu. Svo heyrði ég skothvelli á nokkurra sekúndna fresti. Stuttu síðar heyrði ég aðra sprengingu.“ – þea

LED LAMPAR

Rafvirkjar



130/150/205 mm

IP54 3000K 4000K 5700K

LEDVANCE OSRAM

533 1900 | olafsson.is

Jóhann Ólafsson & Co



HAUSTÚTSALA
30-45% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

F&F

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ

FÆST EINGÖNGU Í

HAGKAUP

MARKAÐURINN

Krónan ekki veikari í meira en tvö ár

Hagfræðingar segja tíðindi af vinnumarkaði vega þungt í gengisveikingu krónunnar síðustu daga. Forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands segir að ótti sé um að kjarasamningar fari úr böndunum í vetur. Gengi krónunnar hefur veikst um sex prósent í mánuðinum.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands segist telja að ótti um að komandi kjarasamningar fari úr böndunum sé meginskýringin á skarpri gengislækkun krónunnar undanfarið. „Við höfum ekki séð svona sverar kröfugerðir frá verkalyðsfélögum lengi,“ segir Ásgeir Jónsson í samtali við Fréttablaðið.

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, segir það hafa komið sér á óvart hvað krónan hélt sterk í langan tíma. Veikingin nú í haust sé hins vegar mjög snörp.

Gengi krónunnar hefur haldið áfram að gefa eftir undanfarið gagnvart helstu viðskiptamyntum sínum. Gengisvísitalan, sem hækkar þegar krónan veikist, hefur til að mynda hækkað um ríflega 6,2 prósent það sem af er mánuði en sé litíð til síðustu sex mánaða nemur hækkingin tæplega 13 prósentum. Hefur vísitalan ekki verið hærri frá því í ágúst árið 2016.

Bandaríkjadalurinn kostaði um 105 krónur í byrjun ágúst síðastliðins en kostaði í gær 119 krónur. Á sama tíma hefur gengi evrunnar farið úr 123 krónum í 137 krónur.

Ásgeir telur einkum tvennt skýra veikingu krónunnar. „Annars vegar hefur afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum dregist heldur hratt saman undanfarið, eftir því sem hægst hefur á vexti ferðaþjónustunnar, og hefur það að einhverju leyti grafið undan gengi krónunnar.“

Hins vegar eru blikur á lofti víða og farið að bera á svartsýni. Væntingar stjórnenda fyrirtækja til næstu sex mánaða – mælt af Gallup – hafa til dæmis fallið að undanförmu og eru nú lægri en eftir hrunið,“ nefnir Ásgeir og heldur áfram:

„Margir óttast að ferðaþjónustan sé brotthætt og jafnframt hafa kröfugerðir verkalyðsfélaganna í komandi kjaraviðræðum vakið ugg en þar er beðið um miklar launahækkanir – mun meiri hækkanir en atvinnulífið getur staðið undir án þess að verulegar verðhækkanir komi til.“

Sagan kennir okkur að í hvert sinn sem laun eru snarhækkuð um tugi prósent felur gengið og verðbólgan fer úr böndunum. Eldri kynslóðir í verkalyðshreyfingunni voru farnar að átta sig á þessu samhengi en nú virðist vera komin fram ný kynslóð verkalyðsleiðtoga sem virðist ekki gera sér grein fyrir þessu,“ segir Ásgeir.

Krónan var fullsterk

Stefán Broddi bendir á að það sem af er ári hafi viðskiptaafgangur minnkad verulega og ekkert lát virðist hafa verið á fjárfestingum lífeyrissjóða í gjaldeyri.

„Ég hef því verið þeirrar skoðunar að krónan hafi verið fullsterk og í raun kom mér á óvart að hún skuli hafa haldist þetta sterk svona lengi. Veikingin nú í haust er hins vegar mjög snörp sem hefur nú ídulega verið raunin með krónuna,“ segir hann og bætir við:

„Framan af hugsa ég að veikingin hafi aðallega verið vegna þess að horfur voru á minni vexti eða samdrætti í flugframboði til landsins. Það hefur svo smám saman verið að raungerast. Síðustu dagana hugsa ég að tíðindi af vinnumarkaði vegi þungt.“

Það virðist vera breið gjá á milli væntinga aðila á vinnumarkaði. Því miður leitast hækkingu kostnaðar umfram framleiðni út í veikari krónu



Veikari króna hækkar verð innfluttra vara og eykur verðbólgu en á hinn bóginn er gengisveiking krónunnar til þess fallin að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, sér í lagi ferðaþjónustufyrirtækja sem hafa liðið fyrir hátt gengi. Gengisvísitalan hefur ekki verið hærri frá því í ágúst árið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Við höfum ekki séð svona sverar kröfugerðir frá verkalyðsfélögum lengi.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



Því miður leitast hækkingu kostnaðar umfram framleiðni út í veikari krónu og hækkingu verðlags.

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka




13%

er gengisveiking krónunnar síðustu sex mánuði.

og hækkingu verðlags. Hið dæmigerða íslenska hjólfar er nokkurn veginn þannig að kostnaður fyrirtækja hækkar, neysla og innflutningur, eynst tímabundið, samkeppnisstaða við útlönd versnar sem leiðir bæði til aðhalds hjá fyrirtækjum og að krónan veikist. Í framhaldinu hækkar svo verðbólgan, verðtryggt lán hækka og Seðlabankinn hækkar vexti og óverðtryggt lán hækka.

Síðan byrjum við hringrásina á nýjan leik. Ég vona auðvitað að þetta verði ekki raunin enda algjörlega á skjön við allt tal um stöðugleika en mér sýnist krónan vera að búa sig undir þennan hring,“ segir Stefán Broddi.

Gengisveiking krónunnar síðasta hálfu árið



Gengisveiflurnar hafa hækkað áhættuálag

Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA Capital Management, segist óttast að þær miklu sveiflur á gengi krónunnar og skuldabréfa sem innflæðishöft Seðlabankans hafi ytt undir hafi hækkað áhættuálag hér á landi allverulega.

„Þess vegna er ég hræddur um að þó svo að höftin verði tekin af muni áhugi erlendra fjárfesta á Íslandi vera áfram lítil. Og þó svo að áhuginn yrði einhver, þá myndi hann engan veginn duga til þess að vega á móti útlæði innlendra fjárfesta og yrði í besta falli lítið hlutfall af þeim 150 til 200 milljörðum króna sem innlendir fjárfestar taka út úr hagkerfinu nú árlega,“ segir hann.

Það sé því miður að höftin hafi ekki verið afnumin fyrr til þess að vega þó ekki nema að hluta á móti miklu ójafnvægi í gjalddeyriflæði á markaðnum, en vöru- og þjónustujöfnuður hrökki nú mjög skammt til á móti sterku útlæði innlendra fjármagnseigenda.

„Önnur mjög slæm hlíðarverkun,“ útskýrir Agnar Tómas, „er að verðbólgu- og áhættuálag“

á skuldabréfamarkaði hefur hækkað mjög hratt samhlíða hraðri veikingu krónunnar og auknum visbendingum um að hagkerfið muni kólna mjög hratt á næstu misserum.

Það eykur svo líkur á að Seðlabankinn muni telja sig þurfa að beita aðhaldssamari peningastefnu en hagkerfið muni kalla á horft fram á veginn. Vandamálið er þó að hluta til heimatilbúid, bæði í Seðlabankanum en auðvitað líka vegna vinnumarkaðarins, en það er spurning hvort skaðinn sé ekki nú þegar skeður,“ nefnir hann.

Hann segir það þó afar jákvætt að þrátt fyrir að verðskuldabréfa og krónunnar hafi hríðfallið síðustu misseri séu engar sérstakar visbendingar um að þeir erlendu fjárfestar sem hafi keypt löng ríkisskuldabréf séu að selja bréf sín. Þeir séu greinilega að fjárfesta til langs tíma.



Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA.



Innes hækkar verð vegna gengisþróunar

Gengisveiking íslensku krónunnar og kostnaðarhækkanir hafa brotist fram í verðlagningu íslenskra heildverslana. Innes, sem er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins, sendi tilkynningu þess efnis til viðskiptavina sinna í síðustu viku.

Um er að ræða fjögurra prósentu hækkingu á vörum sem eru keyptar til landsins í evrum, fimm prósentu hækkingu á vörum sem keyptar eru í pundum og sex prósentu hækkingu í Bandaríkjadöllum. Breytingin tekur gildi á föstudaginn í næstu viku.

„Verðbreytingin er komin til vegna veikingar krónunnar annars vegar, og hækkana á launum og iðgjöldum hins vegar,“ segir Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Inness, í samtali við Markaðinn. Hann tekur fram að meginástæðan sé veiking krónunnar. Fyrirtækið hafi ákveðið að bregðast ekki við nýju kjarasamningnum í vor með verðhækkingum heldur biða og sjá.

„Við höfum reynt að sýna stöðugleika og breytum sjaldan verðum þó svo að krónan flökti innan vikmarra en veikingin hefur verið mikil á skómmum tíma. Ef við horfum á evruna þá hefur hún styrkt gagnvart krónunni um 25 prósent á rúmu ári.“

Magnús Óli segir óvíst hversu lengi verðið muni standa óhreyft eftir hækkinguna.

„Ég er búinn að starfa í innflutningi í 35 ár og á þeim tíma hefur verðlagning í greininni alla jafna fært sig eftir því hvernig gengið þróast. Ef fram heldur sem horfir get ég ekki séð betur en svo að líklega sé önnur hækking í kortunum.“ –tfn

NÚ ER VETRARFRÍ!

ALLAR
TÖTUM
FÖNDURVÖRUR


35% VILDAR
AFSLÁTTUR




Litum og leikum
með Jónsa / Binna B
VILDARVERÐ: 1.299.- (stk.)
Verð: 1.645.- (stk.)



Stormsker
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-



Miðnæturgengið
VILDARVERÐ: 3.599.-
Verð: 4.499.-



Settu saman allann heiminn
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sölvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 22. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingar.

Mál Khashoggi alvarlegt fyrir prins

Blaðamaðurinn Jamal Khashoggi sagður hafa verið pyntaður og aflimaður áður en hann var myrtur. Mál hans er umtalað á alþjóðavettvangi og svertir orðspor krónprins Sádi-Araba, sem hefur haft þá mynd að vera umbótasinni í íhaldssömu ríki.

SÁDI-ARABÍA Æ skýrari mynd er nú að komast á það hvað varð um sádiarabíska blaðamanninn Jamal Khashoggi, sem síðast sást til er hann gekk inn á ræðismannsskrifstofu Sádi-Araba í tyrknesku borginni Istanbul 2. október síðastliðinn. Málið er eitt það umtalaðasta á alþjóðavettvangi þessa dagana. Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur til að mynda fundað með konungi og krónprins Sádi-Araba og nú síðast í gær með Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseta vegna málsins.

Tyrkneskir lögreglu- og áhrifamenn hafa undanfarnar vikur lekið upplýsingum í þarlanda fjölmiðla. Meðal annars hefur komið fram að Khashoggi hafi verið myrtur í sendiráðinu, það sýni hljóð- og myndupptökur og önnur sönnunargögn sem fundust í sameiginlegri rassíu Tyrkja og Sádi-Araba er gerð var í vikunni. Allt þykir benda til þess að sveit sádiarabískra leigumorðingja hafi



Ekkert hefur enn fengist staðfest um afdrif Khashoggi en talið er að hann hafi verið myrtur. NORDICPHOTOS/AFP

komið til Tyrklands til þess að ráða Khashoggi af dögum.

Í gær greindi tyrkneska dagblaðið Yeni Safak frá því að blaðamenn hefðu fengið að heyra hljóðupptöku þar sem ræðismaðurinn Mohammed al-Otaibi, sem nú hefur flúið land, heyrst segja við meinta banamenn Khashoggi: „Gerðu þetta úti, þið eigið eftir að koma mér í vandræði.“

Á þá að hafa heyrst í einum banamannanna: „Ef þú vilt halda lífi við heimkomuna til Arabíu er þér hollast að halda kjafti.“

Yeni Safak greindi aukin heldur frá

því, líkt og aðrir miðlar hafa gert, að Khashoggi hafi verið pyntaður og aflimaður áður en hann var loks myrtur. Sádi-Aröbunum er söguðu hann í sundur hafi verið ráðlagt að setja í sig heyrnartól og hlusta á tónlist til þess að þurfa ekki að hlýða á ópin.

Enn á eftir að gera rassíu á heimili ræðismannsins í Istanbul. Suleyman Soyulu, innanríkisráðherra Tyrkja, sagði við tyrkneska ríkismiðilinn Anadolu í gær að Sádi-Arabar hefðu tekið vel í beiðnina en að endanlegt samþykki hefði ekki enn fengist.

Háttsettur embættismaður innan sádiarabísku leyniþjónustunnar GIP hafði umsjón með aftökunni. Frá þessu greindi CNN, sem hefur rekið fréttastöð í Tyrklandi í tæpa tvo áratugi, í gær og hafði eftir þremur heimildarmönnum er eiga að þekkja til málsins. Einn heimildarmannanna hélt því fram að þótt óljóst væri hvort Mohammed bin Salman krónprins, og í raun þjóðarleiðtogi, hefði fyrirskipað morðið væri deginum ljósara að krónprinsinn hljóti að hafa vitað af því að það stæði til að myrða Khashoggi. thorgnyr@frettabladid.is

Umbótasinni eða morðingi?



Mohammed bin Salman krónprins er leiðtogi sádiarabíska ríkisins og hefur verið bæði tíma og fjármagni í að skapa sér mynd sem umbótasinni. Í takt við það orðspor hefur hann til dæmis heimilað sádiarabískum konum að keyra bíla og látið handtaka valdamenn vegna meintrar spillingar.

En sú glansmynd hefur verið rífin í tætlur. Viðbrögð ríkisstjórnar Sádi-Arabíu vegna gagnrýni Kanadamanna á meðferð feminista, mannfal almennra borgara í Jemen og mál Khashoggi gefa allt aðra mynd af prinsinum.

Í pistli sem birtist í Washington Post í september 2017 sagði Khashoggi sjálfur að afturhaldssemi stjórnvalda væri orðin óbærileg. „Þegar Mohammed bin Salman krónprins komst til valda lofaði hann umbótum á sviði atvinnulífs og samfélagsmála [...] Nú sér maður ekkert nema handtökur. Í síðustu viku voru um þrjátíu handtekin. Sum þeirra eru góðir vinir mínir. Þessar aðgerðir sýna fram á andúð stjórnvalda í garð menntafólks sem dirfist að tjá skoðanir sem eru andstæðar skoðunum leiðtoga ríkisins.“ Ef rétt reynist að yfirvöld hafi látið myrða Khashoggi má segja að verknaðurinn sanni mál fornarlambinsins.

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

JAGUAR E-PACE



ENNEMR / SIA / NY90454. Búnaður bíls á mynd er friborgðinn auglýstu verði.

Búnaður í Jaguar E-Pace D150 er m.a.: 10" Touch Pro skjár, símkerfi, 125w Jaguar hljómkarfi, LED-aðal ljós með einkennandi dagljósum, 17" álfelgur, íslenskt leiðsögukerfi, rafdrifnir upphitaðir speglar með sjálfvirkri deyfingu og aðkomuljósum, varadekk, neyðarhemlunarbúnaður, bakmyndavéi, fjarlægðarskynjarar að framan og aftan. jaguarisland.is

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

Jaguar E-Pace D150, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ: 6.290.000 KR.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Við hjálpum þér að bæta lífsgæðin



Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heya.is

HEYRNARSTÖÐIN



TILVERAN



Þegar rannsóknin hafði staðið yfir í nokkra mánuði segist Sigrún hafi látið lögreglu vita af konu sem nýlega sakaði manninn um brot gegn sér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Karlarmaður á fimmtugsaldri hefur verið kærður til lögreglu fyrir meint brot gegn nokkrum konum. Maðurinn starfar sem meðhöndlari og meint brot eiga að hafa átt sér stað í meðferð hjá honum. Hann starfar ekki á vegum hins opinbera. Konurnar leituðu allar til mannsins vegna stoðkerfisvanda. Konurnar greina frá því að maðurinn hafi í einhverjum tilvikum meðhöndlað þær við vanda sínum í gegnum leggöng þeirra.

Frásagnir sex kvenna sem Fréttablaðið ræddi við ríma hver við aðra. Þær hafi verið á erfiðum stað í lífinu þegar þær komu til mannsins og margar hverjar þjáðar.

Sigrún Jóhannsdóttir, lögmaður og eigandi Lögvis lögmannsstofu, er réttargæslumaður hóps þessara kvenna. „Rannsókn lögreglu miðar hægt áfram, hluti brotaþola hefur enn ekki verið kallaður til skýrslutöku. Og mér finnst mjög alvarlegt að maðurinn hafi ekki verið stöðvaður.“

Óeðlilegur seinagangur í kerfinu
„Málið hefst í mars á þessu ári þegar ung kona leitar til mín vegna þess að hún vill kæra manninn fyrir nauðgun. Fljótlega vatt málið þannig upp á sig að nú eru konurnar orðnar fleiri sem lagt hafa fram kæru á hendur manninum og enn fleiri biða þess að komast í skýrslutöku. Þá hafa nokkrar ekki enn tekið ákvörðun um framhald máls. Allar koma þessar konur úr mismunandi áttum,“ segir Sigrún.

„Konurnar gáfu flestar skýrslu í vor og á þeim tíma lét ég lögregluna vita af tveimur sem vildu leggja fram kæru, en má þeirra var litlilega frábrugðin hinum. Eg fékk þau svör að lögreglan ætlaði sér að skoða málin en síðan hef ég ekkert heyrt, þrátt fyrir reglulegar itrekanir.“

Ein þeirra sem biða þess að fá að kæra er nú búsett í einu Norðurlandanna, en meint brot mannsins í hennar garð

átti sér þó stað hér á landi.

„Ég lét lögregluna vita í apríl að hún vildi leggja fram kæru en fát var um svör. Eftir að hafa itrekað málið í um hálf tveggja mánuði fór ég loks þau svör að hún yrði að kæra í gegnum lögregluyfirvöld í því landi, sem gæti eftir atvikum kallað eftir aðstoð lögreglunnar á Íslandi. Þetta er í algjörrri andstöðu við önnur mál sem ég hef verið með eða þekki til. Þar hefur lögreglan til að mynda farið utan í þeim tilgangi að taka skýrslu af brotaþola. Eg get ekki séð annað en að hér sé um hreina og klára mismunum að ræða.“

Maðurinn enn að störfum

Þegar rannsóknin hafði staðið yfir í nokkra mánuði segist Sigrún hafi látið lögreglu vita af konu sem nýlega sakaði manninn um brot gegn sér. Meint brot átti sér stað meðan á rannsókn lögreglu á öðrum málum gegn manninum stóð. Að sögn Sigrúnar aðhafðist lögreglan ekkert og skýrsla hefur enn ekki verið tekin af stúlkunni.

„Það hefði verið hægt að koma í vegg fyrir þetta brot hefði lögreglan stöðvað manninn strax í upphafi, enda lá þá strax fyrir rökstuddur grunur um að hann hefði brotið kynferðislega gegn fjölda kvenna. Síðan er liðið hálf tveggja mánuði og maðurinn er enn að störfum svo við best vitum,“ segir Sigrún.

„Málið vekur mann til umhugsunar um hvernig unnið

er að kynferðisbrotamálum innan kynferðisbrotadeildar lögreglunnar og maður veltir fyrir sér hvað þurfi til þess að maður, sem virðist stöðugt vera að brjóta á konum og jafnvel á meðan rannsókn stendur yfir, sé hneppur í gæsluvarðhald.“



„Tilraun til aftöku á Alþingi götunnar“

Lögfræðingur mannsins, **Steinbergur Finn-bogason**, vísar ásökunum á bug fyrir hönd hans. „Þessar ávörðingar eiga sér vægast sagt sérstakan bakgrunn og koma skjólstæðingi mínum mjög á óvart. Hann er búinn að starfa hér á landi með sérhæfða líkamsmeðhöndlun fyrir mjaðmavandamál í rúmlega fjórtán ár og hefur á þessum tíma tekið á móti yfir fimmtíu þúsund heim-söknum ánægðra skjólstæðinga af báðum kynjum og á öllum aldri,“ segir Steinbergur. Hann segir kærumár á hendur manninum vera höpamálsök.

„Þessi fyrirhugaða höpamálsök, sem svo má kalla hana, á rætur sínar að rekja til auglýsingar á fésbókarsíðu að undirlagi lögmans þessara aðila þar sem konur voru hvattar til að segja frá óviðurkvæmlegri framkomu skjólstæðings míns. Þetta er að mínu viti dæmigerð tilraun til aftöku á Alþingi götunnar án dóms og laga. Og því miður er andrúmsloftið þannig þessa dagana að þrátt fyrir mögulega sýknun fyrir dómstólunum nær böðull umræðunnar að vinna verkin sín löngu áður en dómstóllarnir úrskurða um sekt eða sýknu. Og maður spyr sig að því hvort þá sé tilganginum ef til vill náð.“

Kerfið langt á eftir þekkingunni

„Það er mikið af góðu fólki innan lögreglunnar sem er að vinna ómetanlegt starf en það er kerfið sem það vinnur eftir sem gengur augljóslega ekki upp. Ymsu mætti strax breyta til batnaðar, svo sem aukinni og viðameiri fræðslu í sálfræðinni að baki þessum brotum. Hvernig sem er þá er ljóst að kerfið er langt á eftir þeirri þekkingu sem við nú búum yfir í þessum málaflokk.“ segir Sigrún lögmaður.

Reynsla hennar er sú að í upphafi hafi brotaþola verið sáttir. Hún hittir þá að minnsta kosti einu sinni á fundi fyrir skýrslutökuna og segir að lögreglan hafi tekið vel á móti þeim, sýnt þeim virðingu og vinsemd.

„Eftir það mætir brotaþolum algjör þögn, líka okkur réttargæslumönnum. Brotaþolar, eðlilega, hafa reglulega samband og óska eftir upplýsingum um stöðu mála. Þá þarf fyrst að kanna hvar málið er stadd á hverjum tíma, en upplýsingagjöf lögreglu til réttargæslumanna er engin. Eg reyni að nálgast upplýsingar hjá lögreglu, sem eftir svo og svo langan tíma segir mér að málið sé komið á ákærsviðið.“

Þá hef ég samband við lögfræðinga þar og eftir mislangan tíma fæ ég jafnvel þær upplýsingar að málið sé nú komið til héraðs-saksóknara. Þá þarf ég að hafa samband þangað og oft er svarið það að málið sem ég held utan um sé komið í bunka mála sem biða úthlutunar til saksóknara, en það er hann sem ákveður hvort málið verði fellt niður eða fært til dómstóla,“ segir Sigrún.

„Oft reynist erfitt að fá upplýsingar eða ég mæti þögninni, þá hef ég lítið að segja brotaþolum sem skiljanlega verða ósáttir og draga jafnvel þá ályktun að ekki einu sinni réttargæslumaðurinn þeirra hafi áhuga á þeirra máli. Maður getur rétt imyndast sér hve sárt slíkt viðmót er fyrir brotaþola og skaðlegt bataferli þeirra.“

Tilkynningar til brotaþola og réttargæslumanna samkvæmt fyrirráðgjafaríkissaksóknara

■ Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 ber ákærvaldinu að sjá um að brotaþolum sé tilkynnt um stöðu og afgreiðslu mála.

1. Að kæru hafi verið vísað frá eða rannsókn máls hætt.
2. Að mál hafi verið fellt niður vegna sönnunarskorts.
3. Að fallið hafi verið frá saksókn í máli.
4. Að ákæra hafi verið gefin út í máli. Tilkynna skal þegar ákæra hefur verið birt nema brotaþoli hafi áður fengið vitneskju um hana.
5. Niðurstaða dóms, eða afdrif máls að öðru leyti, enda hafi hagsmuna brotaþola ekki verið gætt fyrir dómi.

■ Tilkynningar skulu vera skriflegar. Tilkynning um að ákæra hafi verið gefin út skal geyma stutta lýsingu á efni kærur. Tilkynningu um niðurstöðu dóms fylgi ljósrit af dómssorði.

Þykir alvarlegt að maðurinn sé enn að störfum

Karlarmaður sem vinnur með einstaklinga sem glíma við stoðkerfisvanda hefur verið kærður nokkrum sinnum á þessu ári fyrir kynferðisbrot í starfi. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu staðfestir að þrjú mál séu til rannsóknar.



Rannsókn lögreglu miðar hægt áfram, hluti brotaþola hefur enn ekki verið kallaður til skýrslutöku. Og mér finnst mjög alvarlegt að maðurinn hafi ekki verið stöðvaður.

Sigrún Jóhannsdóttir, réttargæslumaður



Frásagnir sex kvenna sem Fréttablaðið ræddi við ríma hver við aðra.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust



NÝTT!
Dramatically Different™
Hydrating Jelly

CLINIQUE KYNNING Í HAGKAUP
18. - 24. OKTÓBER

15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
CLINIQUE VÖRUM



KAUPAUKI* FYLGIR ÞEGAR KEYPTAR ERU
CLINIQUE VÖRUR FYRIR 7.900 EÐA MEIRA

**meðan birgðir endast*

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

TILVERAN

Stór hluti málanna stoppi hjá lögreglu

Hildur Fjöla Antonsdóttir, doktorsnemi í réttarfélagsháskóla í Lundi í Svíþjóð, gerði viðtæka rannsókn á árunum 2008-2009, ásamt Þorbjörgu Sigríði Gunnarsdóttur, þar sem þær fylgdu hverju einasta kynferðisbrotamáli eftir hjá lögreglunni. Hildur Fjöla vinnur nú að doktorsritgerð um upplifun þolenda kynferðisbrota af lagalegri stöðu sinni og réttindum og hugmyndir þeirra um réttlæti.

Hildur Fjöla segir að sein afgreiðsla kynferðisbrotamála innan lögreglunnar sé vel þekkt fyrirbæri.

„Lögreglan ber það iðulega fyrir sig að ástæða hægrar afgreiðslu sé skortur á fjármagni og mannafla. Eg hélt að lögreglan hefði fengið innspýtingu fjármagns með nýrri ríkisstjórn. Það kom fram í ríkisstjórnarsáttmála að það stæði til að fullfjármagna þessa aðgerðaáætlun sem samráðshópur innanríkisráðuneytisins gerði um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins og lá fyrir árið 2017. Eg hélt að sú fjármögnun væri komin til skila,“ segir hún.

Það er hlutverk lögreglunnar að afla allra nauðsynlegra gagna í málinu til þess að ákærandi geti tekið ákvörðun um hvort gefa eigi út



ákæru eða ekki. Lögreglan getur þó ákveðið að hætta rannsókn ef ekki er talinn grundvöllur fyrir frekari rannsókn, eða visað málinu frá.

„Parna tel ég að oft sé pottur brottinn. Stór hluti málanna stoppar hjá lögreglunni. Það eru margar og flóknar ástæður fyrir því en þegar ég var að taka viðtöl við fólk innan lögreglunnar á sínum tíma þá kom í ljós að þetta færi líka mikið eftir færni einstaklinga. Það getur einnig skipt máli fyrir framgang mála að rannsóknarlögreglumenn og

aðstoðarsaksóknarar hafi trú á einstaka málum sem og málaflöknum í heild.“

Brotapólar úti í kuldanum

Í kynferðisbrotamálum á Íslandi er lítið á brotapóla sem vitni í eigin málum. Brotapóli hefur enga stöðu í málinu og er ekki málsaðili og þar af leiðandi fær viðkomandi oft ekkert að vita um framgang málsins fyrr en ákveðið hefur verið hvort málið verður fellt niður eða gefin út ákæra. Ekki nema viðkomandi hafi sérlega

Það að málin hafi formlega litið sem ekkert með brotapóla að gera gengur ekki.

Hildur Fjöla Antonsdóttir, doktorsnemi í réttarfélagsháskóla



búið að taka skýrslu af geranda eða ekki,“ segir Hildur Fjöla.

„Þetta getur valdið gríðarlegu óöruggi hjá brotapóla sem hefur þá ekki forsendur til að gera persónulegar ráðstafanir ef þess þarf, til að mynda öryggisráðstafanir. Brotapólar eru oft hræddir um að gerendur hefni sín á þeim fyrir það að kæra. Eins ef gerendur hafa samband við brotapóla er erfitt að meta stöðuna ef þeir vita ekki einu sinni hvort gerendur viti af kærunni eða hvort þeir hafi farið í skýrslutöku. Það að málin hafi formlega litið sem ekkert með brotapóla að gera gengur ekki.“

Réttarstaða brotapóla er mun sterkari alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum fyrir utan Danmörku. Þar er lítið svo á að aukin aðkoma brotapóla hjálpi til við að upplýsa málið.

Myndir þú segja að það væri skref í rétta átt að breyta þessu og gera brotapóla að málsaðila?

„Já, ég held að það sé eitthvað sem skiptir mjög miklu máli. Það myndi væntanlega gera kerfið aðeins skárri á það minnsta, að brotapóli fái upplýsingar um framgang í eigin máli á ákveðnum tímamarkum og hafi einhverja aðkomu að því, bæði á stigi lögreglurannsóknarinnar og ef málið fer fyrir dóm. Þetta er eitt af þeim málum sem núverandi ríkisstjórn hefur sett á oddinn.“ – gj

Eftirstöðvar áfalla

Það að lenda í erfðri lífsreynslu þekkingu margir, það eru mörg áföll sem geta dunið á einstaklingum og er mikilvægt að geta unnið með þau, áttað sig á því hvað gerðist og síðast en ekki síst reynt að koma í veg fyrir endurtekingu. Hægt er að flokka áföll niður með ýmsum hætti, en ein skilgreining áfalla er að þar komi fram sterk streituviðbrögð við óvæntum eða skynþingum atburðum. Undir þetta flokkast náttúruhamfarir ýmiss konar, slys líkt og umferðarslys eða vinnuslys, og áföll af mannavöldum þar sem má nefna andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Þá er rétt að benda á að mikið álag um lengri tíma líkt og einelti, ítrekað heimilisofbeldi, óöruggi líkt og við stríðsátök og margt fleira getur einnig framkallað líkamleg sem og andleg einenni.

Iðulega upplifir fólk að öryggi þess sé með einhverjum hætti ógnað og að það missi stjórn á aðstæðum eða geti ekki brugðist við þeim. Upplifunin og þá einnig eftirstöðvar eftir áfallið eru að einhverju leyti í samhengi við styrk þess. Það má taka sem dæmi að atburður þar sem bráð lífshætta stöðjar að skapi sterkari viðbrögð en næstum því slys eðli málsins samkvæmt.

Mjög mikilvægt er að átta sig á því að áfallastreituviðbrögð er eðlilegt í sjálfu sér, en ef þær tilfinningar, einkenni og líðan sem fylgja áfallinu hverfa ekki er skynsamlegt að leita sér aðstoðar. Sálrænn stuðningur er þó mikilvægur strax í upphafi svo koma megi í veg fyrir að einkenni festist í sessi, en þá er oft talað um áfallastreituröskun.

Ákveðinn samhljómur er með því hvernig unnið

Iðulega upplifir fólk að öryggi þess sé með einhverjum hætti ógnað og að það missi stjórn á aðstæðum eða geti ekki brugðist við þeim. Upplifunin og þá einnig eftirstöðvar eftir áfallið eru að einhverju leyti í samhengi við styrk þess.

Teitur Guðmundsson læknir



er með þá einstaklinga sem hafa lent í áföllum og í framhaldi röskunum ýmiss konar þeim tengdum. Kvíði og þunglyndi, lágt sjálfsmat og jafnvel að viðkomandi kenni sér um það sem á undan hefur gengið eru algengar birtingarmyndir, sérstaklega ef um er að ræða andlegt og kynferðislegt ofbeldi. En slíkt getur þó auðvitað einnig tengst öðrum áföllum. Ýmis líkamleg einkenni geta fylgt og rannsóknir sýna að heilsufari þeirra sem hafa lent í áfalli er líklegra til að verða ábótavant og að ævilengd þeirra jafnvel stytst, sérstaklega ef um ítrekuð áföll er að ræða.

Vinir, ættingjar, viðbragðsaðilar, prestar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar og læknar koma í flestum tilvikum á einhvern hátt að stærri atburðum eins og til að mynda slys um eða hamförum og þá tiltölulega skjótt á meðan önnur áföll kunna að grafa um sig án aðkomu þeirra mjög lengi. Dæmigert er að þar sem kann að fylgja skömm eða aðrar víðlíka tilfinningar séu þær færri, ef nokkur, sem kemur að máli um lengri eða skemmri tíma. Lykilatriði er að einstaklingar sem hafa gengið í gegnum áföll geti fundið til trausts á þeim sem koma að uppvinnslu og meðhöndlun mála og að tekið sé á þeim með viðeigandi hætti. Það á við í samhengi við einelti, andlegt og líkamlegt ofbeldi og þá ekki síst kynferðislegt.

Ekki þurfi áætlun til að framfylgja áætlun

Samráðshópur var skipaður af innanríkisráðherra árið 2016 til þess að smíða aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins. María Rut Kristinsdóttir var formaður hópsins. Hún segist ánægð með þá vinnu sem þar var unnin og vona að hægt verði að koma umræddri áætlun í framkvæmd sem fyrst.

„Fyrst og fremst er ég mjög stolt af þessu verkefni sem væntast afar vel á sínum tíma. Við tryggðum viðtækt samráð við alla helstu aðila í bæði kerfinu og þessum geira,“ segir María Rut.

„Samtalið milli kerfa; lögreglu, ákæruvaldsins, dómstóla, neyðarmóttöku og réttargæslumanna, skilaði sér í alls konar umbótum sem eru síður áþreifanlegar en bæta engu að síður verklag innan kerfisins sem er vel. Umbæturnar voru meðal annars þær að stytta boðleiðir og megináherslan var lögð á að stytta þennan málsmeðferðartíma sem er alltof langur. Við vissum nákvæmlega hver verkefniin væru. Það sem var mest aðkallandi var að fjölga rannsóknarlögreglumönnum og ákærendum á þessu sviði og skerpa á verklagi á landsvisu.“

Margt af þessu segir María Rut að sé ekki flókið að framkvæma, til að mynda að það yrðu í framhaldinu myndaðir „ad-hoc“ hópar um til dæmis réttarstöðu brotapóla og fleiri álitamál sem hópurinn tók þó ekki beint afstöðu til í áætluninni. Stóra myndin væri sú að þarna væru alls konar minni mál sem væri hægt að ráðast í og klára auðveldlega. Og það væri svoltið í höndunum á viðeigandi stofnunum auk eftirfylgni af hálfu stjórnvalda.

Eftir að hópurinn skilaði áætluninni í fyrrihaust var hún fjármögnuð fyrir kosningarnar í kjölfarið. María Rut fór síðan í önnur verkefni en segist treysta því góða fólk sem í kerfinu vinnur til að leiða áætlunina áfram.

„Að því sögðu þá er eitt að búa til áætlun og næsta skref er að framfylgja henni. Það sem vakti furðu mína var að um þetta verkefni var



Það sem vakti furðu mína var að um þetta verkefni var stofnaður annar starfshópur og verkefnið fært yfir í forsætisráðuneytið.

María Rut Kristinsdóttir

stofnaður annar starfshópur og verkefnið fært yfir í forsætisráðuneytið. Ég vona að þetta teji ekki fyrir að hlutirnir komist í gang. Það þarf ekki að búa til áætlanir til þess að framfylgja áætlunum. Nóg er til af greiningum og skýrslum. Við erum öll sammála um að þetta sé mikilvægt málefni, þvert á flokka, og þetta má ekki verða pólitískt bit-bein innan ríkisstjórnarinnar. En ég hlakka til að sjá vinnuna og fylglist með hvort það fari ekki að koma eitthvað út úr þessu.“

Eini íslenski framleiðandinn sem framleiðir eingöngu úr íslensku grísakjöti

Toppaðu pizzuna

með áleggjunum
frá Stjörnugrís



Chorizo kemur frá Spáni. Ríkjandi bragðtegundir eru chili, reykt paprika og fennel.



Salami er dönsk tegund. Ríkjandi bragðtegundir eru hvíttlaukur og pipar.



Calabrese kemur frá Suður-Ítalíu. Ríkjandi bragðtegundir eru paprika, tómatur, chili, laukur og anís.



Pepperoni kemur frá USA. Ríkjandi bragðtegundir eru chili, reykt paprika og fennel.



Romano kemur frá Norður-Ítalíu. Ríkjandi bragðtegundir eru hvítmygluostur, hnetta og pipar.

Hvort sem þú vilt toppa pizzuna eða fá réttu stemninguna á ostabakkann, þá eru áleggjin frá Stjörnugrís fullkomin hvar sem er.

Þú finnur áleggjin frá Stjörnugrís í öllum betri matvöruverslunum um land allt.



www.svinvirkar.is

TILVERAN

Vel varin fyrir veturinn



Sigrún, eigandi Akkúrat, tók saman nokkrar góðar vörur fyrir veturinn.

Verslunin Akkúrat er þekkt fyrir sérstaka upp-
röðun og framsetningu
sem hefur vakið mikla
lukku. Þar er boðið upp
á rjómann af sköpun
eftir íslenska hönnuði
og listamenn.

Verslunin Akkúrat var
valin „Best shop to
pick up local design
2018“ af Grapevine
þegar aðeins hafði
verið opið í nokkra
mánuði. Sigrún Markúsdóttir er
eigandi verslunarinnar. „Akkúrat
er konsept-verslun og við leitumst
við að vera með um ca. 70 prósent
íslenska hönnun og 30 prósent
erlenda hönnun, aðallega frá Norð-
urlöndunum. Við leggjum einnig
mikið upp úr því að vera með jafnt
af fatnaði fyrir karla og
konur og erum með
mörg unisex merki sem
virka vel,“ segir Sigrún.
Hún segir mikilvægt
að til séu verslanir sem
bjóði upp á alla flóruna
í íslenskri hönnun, líkt
og Akkúrat.

„Útlendingar eru
mjög ánægðir með
verslunina en við
viljum einnig vera sú
verslun sem Íslendingar
vilja helst koma
í til að skoða og kaupa
íslenska hönnun og
list. Auðvitað eru fleiri
verslanir hér sem
eru líka með marga
íslenska hönnuði en
við teljum okkur vera
með mjög breitt og
gott úrval og samland
af því besta og áhuga-
verðasta hverju sinni.“

Fréttablaðið fékk
Sigrúnu og Elsu,
verslunarstjóra í Akkú-
rat, til þess að velja
nokkrar góðar vörur
sem henta vel fyrir
veturinn. gunnthorunn@frettabladid.is

As We Grow,
ullarpeysa
kr. 28.900Storm & Marie,
Puffy kápa
kr. 31.990Storm & Marie,
ullarpeysa
kr. 15.990Teko,
íslenskt te kr. 1.890Usee studio teppi
kr. 39.900Angan baðsölt með
blóðbergi
kr. 3.900Verslunin Akkúrat hefur vakið lukku
fyrir skemmtilega upp-
röðun á vörum.

Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins



Glæsilegt 6-7 herbergja tvílyft einbýlishús á eftirsóttum útsýnisstað í Áslandshverfinu í Hafnarfirði hjá Hraunhamri. Góðar gönguleiðir í nágrenninu og ósnortin náttúra. Húsið er skráð 222,6 fermetrar auk bílskúrs sem er 44,3 fermetrar og er tvöfaldur. Þess utan hefur verið innreitað rými á neðri hæð. Opið eldhús með vonduðum innréttingum og tækjum. Útgangur á stóra flisalagða verönd frá eldhúsi. Í framhaldi af eldhúsi er rúmgöð borðstofa og stór og björt stofa þar í framhaldi, arinn í stofu, útgangur á svalir til suðvesturs með glæsilegu útsýni. Fataherbergi inn af stóru svefnherbergi. Óskráð rými um 100 fermetrar, mjög stórt og gott tómsundaherbergi. Lóð öll hin glæsilegasta með flisalögðum veröndum og hellulögðum bílastæðum. Fallegt útsýni er úr húsinu.

**Cocoa
Puffs**

**Algjört
súkkulæði!**



TILVERAN

Tvö þúsund tímar í hönnun og eftirlit


Áfram var fjallað um framúrkeyrslu í verkefnum Reykjavíkurborgar, sér í lagi þá sem tengist endurbótum á bragganum í Nauthólsvík.

DV greindi frá því að ríflega 1.300 klukkutímar hefðu farið í hönnun, vinnu og yfir 600 klukkutímar í „umsjón og eftirlit með hönnuninni“. 114 tímar hefðu farið í vettvangsferðir og fundi vegna hönnunar. Samtals væru klukkustundirnar um 2.000 talsins og kostnaðurinn um 35 milljónir króna.

» Borgarstjórn vísaði frá tillögu um óháða rannsókn á framúrkeyrslu vegna framkvæmda við Hlemm Mathöll.

Af þeim sem tóku afstöðu í könnun Zenter rannsóknaraðila fyrir Fréttablaðið töldu flestir, um þriðjungur svarenda, að ábyrgðin á framúrkeyrslunni væri borgarstjórn.

Þá var ástæða afsagnar framkvæmdastjóra Félagsbústaða sögð vera 330 milljóna króna framúrkeyrsla við framkvæmdir á íbúðum við Írabakka.



Vikan

Framúrkeyrsla við framkvæmdir Reykjavíkurborgar, skörp gengisveiking krónunnar, háar launakröfur verkalýðsfelaga og fall karlandslíðsins úr A-deild Þjóðadeildarinnar voru á meðal helstu mála sem Fréttablaðið greindi frá í vikunni.



Krónan fellur hratt

Ekkert lát virðist vera á gengisfalli krónunnar en hún hefur ekki verið veikari frá því í ágústmánuði árið 2016. Bandaríkjadalurinn kostaði um 105 krónur í byrjun ágúst síðastliðins en kostaði í gær um 119 krónur. Á sama tíma hefur gengi evrunnar farið úr 123 krónum í 137 krónur.

Gengislækkunin hefur viðtæk áhrif en þannig hækkað veikari króna verð innfluttra vara og eykur þar með verðbólgu. Á hinn bóginn er veikingin til þess fallin að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, sér í lagi ferðaþjónustufyrirtækja sem hafa liðið fyrir hátt gengi.

„Alla jafna hefur gengisveiking, svo lengi sem hún er ekki of mikil, jákvæð áhrif á hagkerfið hér á landi því hún hvetur til aukinnar framleiðslu,“ segir Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands.



Kröfur upp á yfir hundrað prósent launahækkunar

Útlit er fyrir erfiðar kjaraviðræður á vinnumarkaði næstu vikurnar en viðræður Samtaka atvinnulífssins og Starfsgreinasambandsins hófust á mánudag. Miklið ber í milli og er tóninn harður í forystumönnum launþegahreyfingarinnar sem hafa sumir hverjir sagt að „frostavetur“ sé fram undan verði ekki gripið til röttækra aðgerða.

Útreikningar sem birtir voru í Markaðinum, fylgiriti Fréttablaðsins, leiða í ljós að launakostnaður sumra fyrirtækja gæti meira en tvöfaldað og í einhverjum tilfellum aukist um allt að 150 prósent á næstu þremur árum ef fallist verður á kröfur Starfsgreinasambandsins um krónutöluhækkunar launa og styttri vinnuviku án launaskerðingar.

Björn Snæbjörnsson, formaður sambandsins, sagði forsendu þess að skrifað yrði undir að launafólk gæti framfleytt sér á dagvinnulaunum sem mættu opinberum framfærsluviðmiðum.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífssins, sagði hins vegar alla tapa ef verkalýðsfélag gengju of langt í kröfum sínum. „Afleiðingarnar verða vaxandi verðbólga, veikari króna og minni kaupmáttur launa.“

Ísland féll í B-deild

Íslenska karlandslíðið í knattspyrnu féll niður í B-deild Þjóðadeildar UEFA eftir tap gegn Sviss á Laugardalsvelli á mánudag. Íslenska liðið komst nálægt því að bjarga stigi en þurfti að setta sig við 1-2 tap.

» Þetta er í fyrsta sinn frá júlí 1977 til júní 1980 sem Ísland leikur ellefu leiki í röð án þess að vinna.

Ísland komst næst því að jafna metin þegar boltinn hrökk af Alfreð Finnbogasyni eftir fasta fyrirgjöf Gylfa Þórs skömmu fyrir leiklok, en Svisslendingar björguðu á línu. Íslenska liðið hefur nú leikið ellefu leiki í röð án þess að vinna og fengið á sig 29 mörk.

Erik Hamrén landsliðsþjálfari sagði á blaðamannafundi að sárt hefði verið að fá ekkert út úr leikjum að undanförunu.

Fólkið á götunni

Hvað finnst þér um tekjur.is?

Eydis Blöndal

Það myndi koma mynd minni mjög illa ef allir vissu hvað ég er með háar tekjur.



Halldór Eldjárn

Þetta skapar mikilvægur umræður um skattamál en þó enginn tilgangur í að svona ítarleg gögn séu á almannafæri til frambúðar.



Nína Richter

Það er einhver hagfræðileg ljóðræna og hringrás fölginn í því að hægt sé að hafa tekjur af því að veita upplýsingar um tekjur fólks. Þannig að fyrir hina ljóðrænu hringrás er þetta örugglega gott mál. Fyrir þá sem vilja ekki veita upplýsingar um tekjur sínar og er sama um hina ljóðrænu hringrás er þetta ekki jafn jákvætt.



Birgir Örn Steinarsson

Ég er opin fyrir því að ræða kosti og galla þess að búa í gagnsæju samfélagi. Þarna þarf aftur á móti að greiða fyrir aðgang. Er mótfallinn því að fólk geti gert sér business úr persónuupplýsingum.



Ég er mótfallinn því að fólk geti gert sér business úr persónuupplýsingum.

Birgir Örn Steinarsson




Það er árleg ferð norður í heimahaga okkar feðga.

Bjarki Bóasson

Breki Logason

Ég stefni á að fara á rjúpu með Benna úr söngleiknum Sextán en hann var að fá skotvopnaleyfið. Við ætlum norður í land, hella í okkur nóg af Nocco og förum ekki heim með minna en 5 rjúpur á mann.



Hildur Sverrisdóttir

Mér finnst mikil stemning þegar annað fólk talar um rjúpunar sínar. En ég mun bara biðja um minn hamborgarhrygg sem fyrr og þær eru því í skjóli frá mér nú sem endranær.



Bjarki Bóasson

Já, ég fer á rjúpu í ár. Það er árleg ferð norður í heimahaga okkar feðga. Þær eru teknir 2-3 dagar í Búrfells-hrauni í góðra vina hópi. Ætli við þurfum ekki um 10 stykki. Nokkrar fyrir okkur og svo systkinni þabba sem treysta á að fá frá okkur.



Guðrún Elisabet Jakobsdóttir

Ómissandi leiðangrar í aðdraganda jóllanna. Fer í Mývatnssveit. Við erum nokkur saman sem sjáum um að afla fyrir stórfjölskylduna og reynum að ná 15-20 stykkjum.



PIER

**25%
AFSLÁTTUR
AF
BORÐSTOFU-
BORÐUM**



MALMO borðstofuforð
150x90xH75
~~99.900,-~~ **74.925,-**



HELSINKI borðstofuforð
100x80xH78
~~49.900,-~~ **37.425,-**



**20%
AFSLÁTTUR
AF
SKRAUTMUNUM***



**KAPTU EINN
BORÐSTOFUSTÓL
FÁÐU
ANNAN Á
HÁLFVIRÐI**



ADELINE skápur
113x45x220
~~129.900,-~~ **77.940,-**



LUNEVILLE skápur
90x40x193
~~99.900,-~~ **79.920,-**



LUNEVILLE skápur
63x38x193
~~49.900,-~~ **39.920,-**



SANPAOLO sófi
~~149.900,-~~ **119.920,-**



NOTTING HILL legubekkur
~~129.900,-~~ **77.940,-**



MANHATTAN stóll
~~89.900,-~~ **49.900,-**

**20-40%
AFSLÁTTUR
AF SÓFUM OG
HÆGINDA-
STÓLUM**

NÝJAR VÖRUR!



NÝ HLMKERTI
3.490,-



VELÚR KOLLAR 12.990,-



VELÚR KOLLAR 12.990,-



www.pier.is

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 18. okt. - 24. okt. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

*Afsláttur gildir ekki af jólavöru

Kynjastrið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Á dögunum kvartaði karlmaður undan því á lokaðri Facebook-síðu hversu erfitt væri að vinna með konum. Fyrir vikni missti hann vinnuna. Ekki löngu síðar, einnig á lokaðri Facebook-síðu, deildu feministar um það hvort karlmenn væru rusl. Þar lögðu einhverjar konur sem kenna í háskólum sitt til málnanna, galvaskar í þeirri vissu að þær muni ekki missa vinnuna þótt þær haldi því fram að oft framkalli það þjáningar að vera innan um karla og þurfa að starfa með þeim.

Þeir sem hafa annað við tíma sinn að gera en að blaðra vitleysu á Facebook, vilja til dæmis sinna vinnu sinni, kunna að furða sig á því af hverju svokallaðar lokaðar Facebook-síður eru ekki meira lokaðar en svo að umræður þar rati auðveldlega í fjölmíðla. Facebook virðist útvarpa öllu sem þar sagt, sem er vitanlega afar óþægilegt fyrir þá sem tjá sig, sérstaklega þegar skoðanirnar sem þar er lýst eru svo ófgakenndar að þær ofbjóða meirihluta fólks. Skrækir um að konur séu ómögulegar eða að karlar séu rusl og hver og einn þeirra sé ábyrgur fyrir afbrotum kynbræðra sinna gera enga lukku meðal almennings. Sæmilega skynsamt fólk nennir ekki að taka afstöðu í óþörfu kynjastriði, sem á lokuðum Facebook-síðum hefur greinilega leiðst út í ótrúlegan subbuskap.


Konum og körlum semur yfirleitt alveg ágætlega í þessu þjóðfélagi. Þar tókast ekki að kynin mæti andvarpanni til vinnu hvern dag, þjókuð af þeirri skyldu að þurfa að starfa saman og eiga samskipti. Þau eru bara ósköp kát með það. Það er ekki eins og kona sem á samskipti við karlmann, hvort sem er í vinnu eða annars staðar, virði hann fyrir sér með hryllingi, sjái hann sem holdgerving hins illa feðraveldis og umfangist hann því af tortryggni. Það er heldur ekki eins og karlmaðurinn sjái konuna sem auðveldla bráð sem mögulegt sé að svina á við hvert tækifæri. Í hinu raunverulega lífi ganga hlutirnir ekki þannig fyrir sig – nema í undantekningartilvikum. Þar er um að ræða algjörar undantekningar, ekki reglu og því er þreytandi þegar alháft er um annað.

Í nútímasamfélagi eiga konur og karlar auðvelt með að mætast sem jafningjar. Þegar þau mætast einnig sem vinir þá er það mikið lán fyrir þau bæði. Það er sérlega gefandi og þroskandi að eignast trausta vini af hinu kyninu. Einstaklingur sem býr að því láni getur ekki annað en litið á kynjastrið sem algjöra tímaeyðslu. Með því er hann ekki að hafna því að hallað hafi á konur í gegnum aldirnar og er heldur ekki að neita því að það gerist enn. Hann er einfaldlega að benda á að skætingur milli kynjanna skilar engu uppbyggilegu. Þetta veit þorri fólks. Enda fer svo að þegar blásið er til kynjastriðs þá hvarflar ekki að því að mæta. Það vill sinna uppbyggilegu hlutum, eins og til dæmis þeim að koma fram við aðra af virðingu og hlýju, og um leið skiptir engu af hvoru kyninu þær manneskjur eru.



Sæmilega skynsamt fólk nennir ekki að taka afstöðu í óþörfu kynjastriði.

Halldór



Frá degi til dags

Sjúkraskýli Samfylkingarinnar
Dagur B. Eggertsson stendur höllum fæti vegna braggabullansins og erfids sjúkdóms. Eitthvað sem allir geta sýnt skilning og skilið frá pólitísku karpí. Þó rann æði á Helgu Völu Helgadóttur, þingkonu og flokksystur Dags, vegna ummæla Eypórs Arnalds. „Er ekkert heilagt í pólitísku striði?“ spurði hún mjög reið á Facebook. Sagði engan leika sér að því að veikjast og efum meira en flensu er að ræða. „ætti fólk með vott af sómakennu að taka tillit til þess“. Stríðsaðgerð Eypórs fólst í því að óska Daga góðs bata en geta þess að óþægilegt væri að hann gæti ekki verið til andsvara í máli þar sem hann er yfir og allt um kring.

Pólitísk veikindi
Minna fór fyrir skilningi Helgu Völu á veikindum í hrúninu miðju þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir glimdi við alvarleg veikindi á meðan þjóðin var í auga stormsins. Þá var Helga Vala formaður Samfylkingarfélagsins í Reykjavík og gekk vaskelega fram á sögulegum fundi flokksins í Þjóðleikhúsinu og krafið stjórnarslita. Þá var enn móðins að blogga og 29. janúar 2009 skrifaði Helga Vala: „Hún verður ekki mikið skýrari krafan sem nú er send Ingibjörgu Sólrún Gísladóttur og Geir H. Haarde.“ Formaður Samfylkingarinnar þjáðist þá vegna æxlis í heila. thorarinn@frettabladid.is

Öflugra dagforeldrakerfi



Skúli Helgason borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður skóla- og fristundaráðs

Meirihluti Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna í borgarstjórn leggur mikla áherslu á að bæta aðbúnað ungbarnafjölskyldna í borginni og vinnur á báðar hendur að kraftmikilli uppbyggingu nýrra leikskóla með fjölgun leikskólaryma fyrir börn yngri en 18 mánaða og hins vegar eflingu dagforeldrakerfisins sem hefur verið mikilvægur valkostur fyrir marga foreldra á undanföllum áratugum.

Við settum á fót starfshóp í fyrra til að vinna að eflingu dagforeldrakerfisins og nú höfum við samþykkt í skóla- og fristundaráði fjölmargar aðgerðir sem byggja á einstökum tillögum starfshópsins að hluta eða öllu leyti. Tilgangurinn er að bæta þjónustuna, auka öryggi hennar og fjölga dagforeldrum. Við leggjum áherslu á jákvæða hvata sem grundvallaraðferðir og borgin er tilbúin að leggja sitt af mörkum við að fjölga dagforeldrum með því m.a. að taka upp stofnstyrk fyrir nýja dagforeldra, auka námsstyrki og faglegan stuðning við dagforeldra, bæta eftirlit og ráðgjöf og taka upp ytra mat byggt á fyrirbyggjandi gæðaviðmiðum. Þá hækka niðurgreiðslur um 15% sem er mesta hækkun í einu skrefi á undanföllum árum. Alls hafa niðurgreiðslur til dagforeldra þá hækkað um nærri 38% frá árinu 2015 sem er talsvert umfram verðbólgu og yfir meðalhækkun launa.

Ein veigamesta aðgerðin sem nú er lögð til er að borgin leggi sitt af mörkum til að auka öryggi þjónustunnar með því að stiga fyrsta skrefið í að leggja þeim dagforeldrum til húsnæði sem starfa tveir saman. Miðað er við að eitt starfandi dagforeldri og eitt nýtt starfi saman og í fyrsta áfanga verði lögð fram þrjú hús á þremur stöðum. Það er vilji borgarinnar að dagforeldrar starfi í auknum mæli tveir saman og það er góðu heilli þróun sem er hafin í talsverum mæli því þæplega helmingur dagforeldra starfar með öðrum. Það eykur öryggi og gæði þjónustunnar, dregur úr áhyggjum foreldra og skýtur frekari stöðum undir starfsemi dagforeldra sem mikilvægur þjónusta við ungbarnafjölskyldur í borginni.



Tilgangurinn er að bæta þjónustuna, auka öryggi og fjölga dagforeldrum.

PHO VIETNAMESE

VIÐ SÉRHFÆMUM OKKUR Í ASISKRI MATARGERÐ.

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.

Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868

pho.is

Fjármálaeftirlitið þarf fjarlægð og frið

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Undirbúningur mun nú vera hafinn að innlimun Fjármálaeftirlitsins í Seðlabanka Íslands. Vert er að rífa upp reynsluna af því fyrirkomulagi frá fyrri tíð. Fram til 1999 var eftirlit með starfsemi viðskiptabanka og sjóða í verkahring Seðlabankans. Bankaeftirlitið var deild í Seðlabankanum þar til Fjármálaeftirlitið var stofnað með lögum sem tóku gildi 1999.

Fjórutíu milljarðar á milli vina
Skemmst er frá því að segja að bankaeftirlit Seðlabankans var gagnslaus um sína daga enda var því ekki ætlað að hrófla við landlægu sukki í bönkum og sjóðum. Stjórnmalamenirnir sem fóru fyrir ríkisbönkunum kærðu sig ekki um nokkurt eftirlit. Þeir vildu fá að rýja bankana í friði.

Látum eitt dæmi duga sem ég rakti í Morgunblaðinu 22. maí 1994 (sjá bók mína Síðustu forvöð, 1995, 9. kafli). Þingmenn Kvænna-listans höfðu birt upplýsingar um að viðskiptabankar og lánasjóðir hefðu þurft að afskrifa meira en 40 milljarða króna á fimm árum vegna orðins eða yfirvofandi útlánatjóns. Þetta var svimandi fjárhæð og jafngilti tíunda hluta landsframleiðslunnar 1994. Þetta var einnig þrisvar sinnum meira fé miðað við landsframleiðslu en fór í súginn í sparisjóðahneykslinu í Bandaríkjunum nokkrum árum fyrr – mesta fjármalahneyksli aldarinnar sem Kaninn kallaði svo og leiddi til fangelsisdóma yfir meira en þúsund bankamönnum. Þetta var einnig meira fé miðað við landsframleiðslu en tapaðist í bankakreppunni sem reið yfir Norðurlönd um svipað leyti, alvarlegri kreppu sem leiddi til gagn-gerrar endurskipulagningar í bankarekstri þar og til starfsloka margra bankastjórnenda og málsóknar gegn sumum þeirra vegna gruns um glæpsamlega vanrækslu í starfi þótt engum væri á endanum stungið inn. Hér heima fékkst það þó aldrei opinberlega viðurkennt að eitthvað hefði farið úrskæðis í bönkunum. Banka- eftirlitið þrætti. Bankarnir bættu sér skaðann í skjóli fákæppni, m.a. með miklum vaxtamum, þ.e. háum útláns- vöxtum og lágum innlánsvöxtum. Ballið var rétt að byrja.

Einkavæðingin

Nokkrum árum síðar, 1998-2003, voru bankarnir færðir úr ríkiseigu í einkaeign. Til stóð í upphafi að einkavæðingin færi fram undir heiðvörðum formerkjum og skv. erlendum fyrirmyndum, en frá því var horfið einkum til að tryggja áframhaldandi ítök stjórnmal- manna í bönkunum með afleiðingum sem allir þekkja. Fjármála- eftirlitið var í sömu svifum gert að sjálfstæðri stofnun til „að stuðla að því að fjármálastarfsemi ... sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir ...“ eins og stendur í lögnum. Það tókst þó ekki betur en svo að bankamenn og aðrir voru nokkrum árum síðar dæmdir í samtals næstum heillar aldar fangelsi fyrir brot sem tengdust hrininu og voru margar rannsóknir þó látnar niður falla vegna niðurskurðar á fjar- veitingum til sérstaks saksóknara. Bankaeftirlitið átti að hafa öðlart sjálfstæði utan veggja Seðlabankans frá 1999, en það varð ekki. Rann- sóknarnefnd Alþingis ályktaði í skýrslu sinni (7. bindi, bls. 316-321) að þv. forstjóri FME hefði eins og

seðlabankastjórnir þrír sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga, vanrækslu hliðstæða þeirri sem Geir H. Haarde forsætisráðherra var fundin sekur um í Landsdómi undir forsetu forseta Hæstaréttar. Því var ráðinn nýr forstjóri að FME 2009, Gunnar Þ. Andersen viðskiptafræðingur, og stýrði hann FME í þrjú ár og bjó ásamt samstarfsmönnum sínum um 80 mál í hendur sérstaks saksóknara. Hann var hrakinn úr starfi 2012 og fékk m.a.s. dóm fyrir brot á þagnar- skyldu. Yfirvöld hafa þó ekki enn

séð ástæðu til að rannsaka birtingu Morgunblaðsins á útskrift samtals sem Seðlabankinn hafði neitað að láta af hendi árum saman með skir- skotun til þagnarskyldu. Munurinn er einnig sá að Gunnar Andersen var að reyna að afhjúpa lögbrót, ekki Seðlabankinn, öðru nær.

Allt á sama stað

Seðlabankinn lofaði fyrir löngu innanhúsrannsókn á Kaupþings- láninu 6. október 2008, en ekkert hefur til hennar spurzt. Meint brot

varðandi lánveitinguna fyrmdust 6. október sl. án þess að Seðlabank- inn hefði óskað eftir rannsókni eftir þeirri reglu að ósk um rannsókn þarf helzt að berast af meintum vettvangi brots. Hátt settur embættismaður í bankanum braut gegn þagnarskyldu þegar hann upplýsti eiginkonu sína sem var þá lögmaður Samtaka fjármálafyrirtækja um aðgerðir Seðlabankans í aðdraganda neyðar- laganna. Brotið var sagt fyrnt þegar það komst upp. Hann starfar enn í bankanum. Einn bankastjórnara

þriggia sem RNA taldi hafa sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga er aftur kominn til starfa í bankanum. Munstríð er skýrt. Dettur nokkrum heilvita manni í hug að FME hefði sent 80 mál til sérstaks saksóknara eftir hrun hefði eftirlitið ennþá verið deild í Seðla- bankanum? Yfirvofandi innlimun FME í Seðlabankann litur út eins og klunnaleg tilraun til þess að koma allri yfirhyllingu með bönkunum fyrir á einum og sama stað. Þessa fyrirætlun þarf Alþingi að stöðva.





Uppþvottatöflur frá Finish fylgja með öllum uppþvottavélum.

Framúrskarandi Siemens uppþvottavélar á afar hagstæðu verði.

Gildir til og með 31. október eða á meðan birgðir endast.

Vélar þessar eru einstaklega hraðvirkar (60° C hraðþvottakerfi), hljóðlátar (42 dB) og orkusparandi (orkuflokkur A+++).

Taka borðbúnað fyrir 14 manns og hafa þrjár grindur, þar á meðal hnífaparaskúffu efst. Þær hafa sjö uppþvottakerfi og fjögur sérkerfi.

Lýsing er inni í vélinni.



Einstaklega áhrifarík þurrkun
Zeolith®-þurrkun notfærir sér eiginleika seólita til að draga í sig raka og umbreyta í varmaorku. Niðurstaðan verður skilvirkari og umhverfisvænni þurrkun.



Tímastytting þvottakerfa
Með því að þrýsta á varioSpeed Plus-hnappinn má stytta þvottatímann um allt að 66%. Styttur tími birtist þá á skjá stjórnborðsins.



Flæðivörn
aquastop® kemur í veg fyrir vatnstjón. bæði af völdum leka í vélinni og frá slöngu sem tengist vélinni. Öryggið er tryggt allan endingtíma vélarinnar.



Home Connect
Stjórnaðu uppþvottavélinni úr snjallsíma eða spjaldtölvu hvar sem þú ert.

Tilboðsverð: 129.900 kr.

Uppþvottavél, SN 457S16MS / SN 457W16MS

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

Reykjavík til þjónustu reiðubúin



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir oddviti Viðreisnar í borgarstjórn Reykjavíkur og formaður borgarráðs

Í aðdraganda borgarstjórnarkosninga síðastliðöð vor varð okkur í Viðreisn tíðrætt um þjónustuborgina Reykjavík. Þjónustuborgina þar sem notendamiðöð nálgun er höfð að leiðarljósi, íbúum eru spöruð sporin, fyrirtækjum gert auðvelt að sækja um leyfi af ýmsum toga og svo framvegis. Við sögðumst vilja einfalda líf borgarbúa og þannig gera Reykjavík eftirsóttari og samkeppnishæfari borg fyrir íbúa og atvinnulíf.

Eflaust hafa einhverjir talið að þarna væri einfaldlega verið að mála upp fallega mynd sem hljómadí vel í eyrum allra en yrði aldrei að veruleika. En því fer fjarrí. Þessar áherslur okkar rímuðu nefnilega vel við stefnur annarra flokka sem í dag mynda meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, líkt og sést í þeim mál-efnasamningi sem unnið er eftir. Meirihlutanum er full alvara og mun í engu gefa eftir á þessu sviði. Því til staðfestingar má nefna tillögu Viðreisnar, Pirata, Samfylkingar og Vinstri grænna um innleiðingu þjónustustefnu sem borgarstjórn samþykkti síðastliðinn þriðjudag.

Tillagan kveður á um aukinn kraft við innleiðingu þjónustustefnu borgarinnar með sérstaka

áherslu á notendamiðöð nálgun í nærþjónustu við borgarbúa, skilvirkar rafrænar lausnir, fækkun skrefa og einföldun ferla í allri þjónustu borgarinnar. Þar er meðal annars átt við skipulags- og byggingarmál, skóla- og fristundamál og velferðarmál sem og aðra þjónustupætti sem snúa að íbúum og atvinnulífi. Innleiðingin verður víðamikil og mun fara inn á mörg svið borgarinnar með aðkomu margra aðila en vinnan verður leidd af formanni borgarráðs og formanni mannréttinda- og lýðræðisráðs auk annarra hlutaðeigandi aðila sem munu meðal annars móta forgangsröðun verkefna.

Meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur er samhuga um aukna áherslu á góða þjónustu og þróun rafræna lausna, enda er það mikið hagsmunamál fyrir borgarbúa. Betri þjónusta styttrir nefnilega ekki bara biðtíma og eykur ánægju heldur eykur einnig skilvirkni og dregur úr kostnaði til lengri tíma lítið. Minni kostnaður skilar sér svo á endanum beint til íbúanna, hvort sem er í formi fjárfestinga í þeirra þágu eða einfaldlega lægra útsvari.

Viðreisn mun áfram beita sér fyrir einfaldara lífi í Reykjavík með frjálslyndi, jafnrétti, ábyrgan rekstur og þjónustu við íbúa að leiðarljósi. Raunar höfum við þegar uppskorið umtalsvert þó ekki sé lengra liðið frá kosningum, en þar má nefna að borgarstjórn hefur þegar samþykkt aukna tíðni stofnleiða Strætó á háannatíma og tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla.

Laxeldið og leiga fyrir náttúruafnot



Þórólfur Matthíasson hagfræðingur



Nú þegar sjávarútvegsráðherra hefur opnað á endurskoðun stjórnssýslu sem tengist laxeldinu er eðlilegt að Alþingi taki gjaldtöku í greininni til sérstakrar skoðunar.

Norska fiskistofan og norska sjávarútvegsráðuneytið stöðu sumarið 2018 að uppboði á heimildum til kvíaldis á laxi á völdum stöðum meðfram strandlengju Noregs. Staðsetningar mögulegra kvía voru frá landamærum Noregs og Svíþjóðar í suðri til strandlengjunnar á Austur-Finnmörku í norðri. Fjórtn fyrirtæki fengu leyfi og greiddu einkisþupphæð frá 1,8 milljónum íslenskra króna til 3,2 milljóna fyrir heimild til að setja upp kvíar með aftastagetu sem svarar til framleiðslu eins tons af sláturlaxi á ári (NOK 132.000 til 233.000 per tonn sem slátræd er). Til samanburðar má nefna að fyrirtæki sem starfa á Íslandi greiða tæplega 2.000 íslenskar krónur á ári á hvert heimilad framleiðslu-tonn í Umhverfissjóð sjókvíaldis sem jafngildir einkisþupphæð 20.000 krónur (sjá <http://www.umsj.is/is/frettir/fyrirkomulag-vid-fjarmognun-umhverfissjod-sjokvialdis>).

Verðið sem norsku fyrirtækin buðu fyrir framleiðsluréttinn var lægst á jaðarsvæðunum við Svíþjóð og í Finn-mörku, en hæst um miðbik Noregs, en þar eru aðstæður ekki ólíkar því sem er í íslensku fjórðunum fyrir austan og vestan. Verðmæti tekinnar

tilboða nam 40 milljónum íslenskra króna. Fjármunirnir munu renna inn í Kvíaldissjóðinn (Havbruksfondet) sem ráðstafar 80% af tekjum sínum til sveitarfélaga þar sem laxeldi er stundað. Til samanburðar ráðstafar Umhverfissjóður sjókvíaldis á Íslandi drjúgum hluta fjármagns síns í styrki til fiskeldisfyrirtækjanna sjálfrar eða samstarfsaðila þeirra.

Laxeldi kallar á margháttadar fjárfestingar af hálfu þeirra sveitarfélaga þar sem starfsemin á sér stað. Fjölgi fólki í sveitarfélaginu vegna aðflutnings starfsfólks í tengslum við laxeldið þarf að byggja leigubúðir, stækka eða bæta grunn- og leikskóla. Jafnframt þarf sveitarfélagið að koma á vöktunarferli þar sem fylgst er með umhverfisgæðum, bæði á landi, í lofti og á láði. Það eru því sterk rök fyrir að fara þá leið sem Norðmenn hafa nú farið varðandi gjaldtöku aflaxeldinu.

Nú liggur fyrir Alþingi tillaga um að auka heimildir sjávarútvegsráðherra til að veita fiskeldisfyrirtækjum skammtíma rekstrarleyfi. Tilefni leyfisveitingarinnar eru ákvarðanir

Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem taldi fyrri leyfisútgáfu ekki standast með hljóðsón af gildandi reglum.

Með hljóðsón af niðurstöðum úr uppboði sumarsins í Noregi á þarlendum kvíaldissýslum má ætla að verðmæti þeirrar aðstöðu sem Arctic Sea Farm og Fjarðalax vilja nýta í Patreksfirði og Tálknafirði (framleiðslugeta upp á 17.500 tonn samtals) nemi á bilinu 31 til 56 milljónum króna. Sem er 100 til 150 sinnum hærri upphæð en greidd er til Umhverfissjóðs sjókvíaldis.

Til samanburðar má nefna að útgjöld vegna stofnfrankvæmda í vegagerð á Vestfjörðum námu rúmum 19 milljónum á árabillinu 2005 til 2016. Mögulegur umfram-arður af fiskeldinu gæti því greitt vegagerð á Vestfjörðum í 10 til 20 ár (sjá [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2016/\\$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2016.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2016/$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2016.pdf)).

Nú þegar sjávarútvegsráðherra hefur opnað á endurskoðun stjórnssýslu sem tengist laxeldinu er eðlilegt að Alþingi taki gjaldtöku í greininni til sérstakrar skoðunar. Þar sem greinin er í uppbyggingarferli mætti hugsa sér að hags gjaldtöku hér með öðrum hætti en í Noregi. Þannig mætti horfa til aflaskiptakerfis sjómanna og ákveða að fastur hundræðshluti af sölutekjum laxeldisfyrirtækja gengi til íslensks kvíaldissjóðs. Þegar aukin reynsla fæst af rekstri laxeldisins, bæði hvað varðar umhverfismál og aðra rekstrarþætti mætti endurskoða hvern tveggja, rekstrarleyfin og gjaldtökuna.



Fatnaður fyrir fagfólk **MARTEX**

Góð þjónusta byrjar með flottu útliti

Ótrúlegt úrval af jólaljósum



Jólablaðið okkar er komið út með flottum hugmyndum fyrir jólin

Novalight LED ljósasería

Með 40 LED-perum. Lengd 6 m.
Seríur með 40 og 80 LED-perum fást með hvítum og antíkhvítum perum.
Með 160 LED perum fást með antíkhvítum perum. IP44-vottaðar til notkunar utanhúss.

1.495.-

80 LED-perur. 12 m + 3 m snúra 1.995.-
160 LED-perur. 24 m + 3 m snúra 2.995.-



2.495.-

LED-ljósatré
Hæð 120 cm. Með 72 antík hvítum LED-perum. IP44-vottað til notkunar utanhúss.
144 LED-perum. Hæð 180 cm. 3.995.-



4.495.-

Akrýl fuglar 5 stk.
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum. Hæð 11,5 cm. IP44 vottaðir til notkunar utanhúss.



5.995.-

Flaggstangarkeðja
- Starfsmenn bandaríska sjóðsins eru alls 78, þar af er einn (Steve Edmundson, víðmælandi RÚV) titlaður forstöðumaður eignastýringar (investment officer).
- Tölf ráðgjafarfyrirtæki koma að fjárfestingarákvörðunum og bein fjárfestingargjöld sjóðsins námu um 5,5 milljörðum íslenskra króna árið 2017, sem er miklu hærra en gerist og gengur í íslenska kerfinu.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður bandaríska sjóðsins er um einn sjötti hluti af því sem gerist í íslenska kerfinu. Sá bandaríski er einfaldlega lífeyrissjóður sem tekur við iðgjöldum, ávaxtar þau og greiðir út lífeyri en hefur ekki til viðbótar á sinni könnu fjölmörg verkefni íslenska kerfisins:
- Hann rekur hvorki séreignardeildir né millifærir iðgjöld inn á lán.
- Hann lánar ekki sjóðfélögum.
- Launagreiðendur eru fáir opinberir aðilar og því hverfandi umsýsla vegna innheimtu.
- Örorukbyrðin er sáralítill og hverfandi umsýsla þar. Engin ákvæði eru um að flýta eða seinka lífeyris-

greiðslum, sem kallar á umtalsverða umsýslu.

- Engin innheimta fyrir endurhæfingarsjóð.
- Ekki er að sjá af ársskýrslu sjóðsins að bandarískir lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna greiði fyrir fjármálaeftirlit þar í landi. Fjármálakerfið á Íslandi borgar hins vegar rekstur Fjármálaeftirlitsins og sá kostnaður nemur 4-5% af rekstrarkostnaði lífeyrissjóða.

Afkoma sjóðsins hefur verið með ágætum undanfarin ár en þrátt fyrir það vekur tryggingafræðileg staða hans óneitanlega athygli í ljósi krafna sem gerðar eru til íslenskra lífeyrissjóða um að eignir standi undir lífeyrisskuldbindingum. Þannig var halli upp á 13,5 milljarða Bandaríkjadala á Nevadasjóðnum fjárhagsárið 2017 eða sem nemur rúmlega fjórðungi skuldbindinga. Stjórnendur hans gera ráð fyrir að vöxtur eigna og skuldbindinga verði 4,75% umfram verðlagsbreytingar, sem þeir gefa sér að verði 2,75%. Því er miðað við 7,5% ávöxtunarkröfu en sé hún lækkuð í 6,5% færi hallinn í liðlega 20 milljarða dala eða sem svarar til nær 40% af skuldbindingum!

Á Íslandi mælir laga- og regluverk fyrir um hvernig brugðist skuli við þegar eignir standa ekki undir skuldbindingum lífeyrissjóða. Það hefði verið fróðlegt að fá svör í Nevada við því hvort til standi að bregðast á einhvern hátt við og þá hvernig. Viðmælandi Kveiks hefur þarna verk að vinna en það passaði sýnilega ekki í þá mynd sem dregin var upp og ætlunin var að draga upp í þættinum.

Vinnubrögðin eru RÚV hvorki til sóma né álitsauka. Ekki er til of mikils mælt að vandað sé til verka í þætti sem vill láta taka sig alvarlega og kenni-ir sig við „rannsóknarblaðamennsku“.

Epli og appelsínur eru hvort tveggja matvörur og hnöttóttar á að líta. Það er líka hið eina sem þær eiga sameiginlegt. Við frekari samburð yrði frekar fjallað um það sem ólíkt er með þessum vörum. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna í Nevada ríki í Bandaríkjunum og íslenska lífeyrissjóðakerfið eiga ýmislegt sameiginlegt en við samburð verður líka að halda til haga öllu því sem ekki er þar sambærilegt í rekstri og starfsemi. Sé þess ekki gætt er stutt í að bera saman epli og appelsínur, jafnvel epli og ástarpunga. Gagnlegt hefði nú verið og fagnadarefni ef RÚV hefði sett sér markmið um innlegg í upplýsta umræðu með því að senda teymi á vegum þáttarins Kveiks alla leið til Nevada til að kanna starfsemi þessa lífeyrissjóðs og birta niðurstöður skilmerkilega. Því miður var það ekki svo.

Að okkur læðist sú tilfinning að meiningin hafi frekar verið sú að tina til punkta við hæfi og skapa þá mynd að einn maður ræki í dagvinnu lífeyrissjóð á stærð við allt íslenska lífeyrissjóðakerfið og ávaxt-aði iðgjöldin miklu betur, fyrir brota-

30 ÁRA 2018

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágræða flísum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

VIÐ SJÁUM UM BRÚÐKAUPIÐ ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SEGJA JÁ!

Við leigjum og seljum
Tjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa og sýningartjöld, confetti sprengjur.

Sláðu á þráðinn ef eitthvað af þessu er að vefjast fyrir þér. Það eina sem þú þarft að gera er að skemma þér.

EXTON REYKJAVÍK
S: 575-4600
EXTON@EXTON.IS

EXTON AKUREYRI
S: 575-4660
AKUREYRI@EXTON.IS

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd
www.exton.is

INTERSTEEL

Intersteel rennihurðabraut svört (Barnyard)

Fyrir rennihurð allt að 100 kg.

Stílhrein og auðveld í uppsetningu.

Braut fest á vegg.

Fyrir hurðarbreidd allt að 1000mm.

Hægt er að fá framlengingar í 45 cm og 90cm.

Verð : 22.200 m/vsk.

JARN&GLER
Járn & Gler Hf - Skútuveggi 1H barkarvogis megin
104 Reykjavík - s:585 8900 - www.jarn&gler.is

Markmiðið var að vinna gull

Hin 16 ára gamla Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir hefur náð eftirtektarverðum árangri í spretthlaupi á þessu ári. Gullverðlaunin sem hún vann á Ólympíuleikum ungmenna voru góður endapunktur á góðu keppnisári.

FRJÁLSAR ÍPÓTTIR Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, spretthlaupari úr ÍR, kórónaði frábært ár sitt með því að tryggja sér gullverðlaun í 200 metra hlaupi á Ólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires í Argentínu í gærkvöldi.

Guðbjörg Jóna bætti Íslandsmet sitt í greininni tveigis á leiknum, en hún hefur alls gert það þrisvar sinnum á þessu ári. Áður hafði Íslandsmet Guðrúnar Arnardóttur í 200 metra hlaupi staðið óhreyft í 21 ár.

„Ég er búin að vera að hugsa um þetta hlaup í mjög langan tíma og það er ofboðslega góð tilfinning að þetta hafi gengið svona vel og gullíð sé í höfn. Tilfinningin var geggjúð og ég fann það strax þegar ég kom í mark að ég hefði náð góðum tíma. Mér fannst líklegt að ég hefði náð að tryggja mér gullverðlaun,“ segir Guðbjörg Jóna um þær tilfinningar sem bærðust í brjósti hennar eftir hlaupið.

Þessi 16 ára hlaupakona segir undirbúninginn fyrir Ólympíuleika ungmenna hafa gengið vel.

„Það hefur fát annað komist að undanfarna mánuði en að undirbúa mig eins vel og ég get fyrir þetta hlaup. Aðfingarnar hafa verið svipaðar og áður, en ég hugsaði mjög vel um mig síðustu mánuði. Bæði hvað varðar næringu, góða hvíld og góðan svefn. Það er skemmtilegt að hafa uppskorið eftir allan þann undirbúning. Það munar líka um það að geta hlaupið alveg meilóslaus, en meilóslin sem ég glimdi við fyrr á árinu eru ekki lengur að plaga mig,“ sagði Guðbjörg um lykilinn að góðum árangri sínum.

„Það var frekar skrýtið að vakna í morgun og vera ekki að hugsa um leiðir til þess að ná þessu markmiði mínu. Það var að vinna gull hérna. Nú er næsta markmið að standa mig vel í Evrópuólmí U-20 ára sem fram fer á júlí í næsta ári. Þar stefni ég á að komast í úrslit og ég tel það vel raunhæft. Ég er búin að bæta mig reglulega og nokkuð mikið síðasta hálfa árið. Það er ekki hægt að vænta þess að þetta haldi áfram á sama hátt, en ég get klárlega bætt mig meira og það er markmiðið. Langtímamarkmiðið er svo að hlaupa á Ólympíuleikum. Ég er ekki viss um að það sé raunhæft að stefna á leikana sem fram fara í Tókýó árið 2020, en það kemur bara í ljós þegar nær dregur,“ segir hún um framtíðina hjá sér. **njorvaro@frettabladid.is**



Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir gerði gott mót á Ólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires. **NORDICPHOTOS/GETTY**

Raunhæft að stefna á Ólympíuleikana í Tókýó 2020

„Þetta er náttúrulega algerlega frábær árangur og það er magnað að ná að bæta sig svona mikið jafn seint á hlaupatímabilinu og raun ber vitni. Það er eftirtektarvert hvað hún vinnur öruggan sigur í fyrra hlaupinu og hún sýnir svo stöðugleika með því að bæta sig enn meira í seinna hlaupinu. Það er vel af sér vikið hjá henni og þjálfara hennar að takast það að toppa á réttum tíma,“ segir Sigurbjörn Árni Arngrímsson, sérfræðingur um frjálshlaup, í viðtali við Fréttablaðið um árangur um Guðbjörgu.

„Hún er bæði stór og sterk og hefur alla burði til þess að ná langt í þessari grein í fullorðinsflokki seinna meir. Hún hefur sýnt það á þessu ári að hún er á heimsmeiliskvarða hvað jafnaldrar sína varðar og ég er bjartsýnn á að hún geti haldið áfram að bæta sig. Það er raunhæft að minni viti að stefna á Ólympíuleikana í Tókýó árið 2020. Miðað við þann tíma sem dugði til þess að komast á síðustu leika þarf hún að bæta sig um 20 sekúndu-

brot til þess að komast þangað og það er klárlega möguleiki að hún nái því í tæka tíð,“ segir Sigurbjörn Árni um framtíðarhorfur hennar.

„Hún er í góðum höndum hér heima hjá þeim þjálfara sem hún hefur og varðandi aðstöðu heilt yfir. Við erum með góða innan- hússtöðu langunn úr árinu

hér heima og útiástaðan er á pari við það sem gengur og gerist erlendis. Það er kannski helst að það væri gott fyrir hana að æfa spretthlaup sín í meiri hita en hún hefur kost á hérlendis. Það er gott fyrir spretthlaupara að æfa í meiri hita en mögulegt er á Íslandi,“ segir sérfræðingurinn um komandi tíma hjá þessari ungu og efnilega hlaupakonu.

„Það er mjög bjart fram undan hjá íslensku frjálshlaupafólki, en við erum með fimm til sex íþróttamenn sem getu hæglega náð langt á næstu árum ef þeir halda rétt á spöðunum í framhaldinu. Við höfum verið að ná góðum árangri á alþjóðavettvangi í ungmennaflokkum undanfarið og það gefur góð fyrriheit. Ég geri mér vonir um að við verðum með fleiri íslenska þátttakendur á næstu Ólympíuleikum en við höfum verið með á undanförunum leikum. Það er sérstaklega gaman að sjá þróunina, hversu marga frambærilega spretthlaupara við eigum á þessum tímamarki,“ segir hann.



Logi Gunnarsson, leikmaður Njarðvíkur. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Geta byrjað á þremur sigrum í fyrsta sinn síðan 2009

KÖRFUBOLTI Þriðja umferð Domino's-deildar karla í körfubolta hefst í kvöld með fjórum leikjum.

Njarðvík, sem hefur unnið fyrstu tvo leiki sína, fær stigalaust lið Vals í heimsókn í Ljónargryfju. Vinni Njarðvíkingar í kvöld verður það í fyrsta sinn frá tímabilinu 2009-10 sem liðið vinnur fyrstu þrjú deildarleiki sína. Þá vann Njarðvík fyrstu sjö leiki sína og endaði í 5. sæti efstu deildar. Liðið komst í undanúrslit þar sem það tapaði fyrir Keflavík í fjórum leikjum.

Líkt og Njarðvík hefur Tindastóll unnið fyrstu tvo leiki sína í Domino's-deildinni. Stólarir taka á móti Haukum í kvöld. Deildar-meistarar síðasta tímabils unnu Val

í 1. umferðinni en töpuðu sannfærandi fyrir ÍR í síðustu umferð. Þrjú stig stiga nýting Hauka í þeim leik var aðeins 13%.

Tindastóll vann örugga sigra á þór Þ. Val í fyrstu tveimur deildarleikjum sínum. Stólarir hafa haldið mótherjum sínum í aðeins 70,5 stigum og þrjú stig nýting þórsara og Valsmanna gegn þeim var afleið.

Í DHL-höllinni mætast Íslandsmeistarar síðustu



fimm ára, KR, og Þór Þ. KR vann Skallagrím í 1. umferðinni en tapaði fyrir Keflavík í hörkuleik í síðustu umferð. Bandaríkjamadurinn Julian Boyd fór mikkinn í báðum leikjum. Hann skoraði 37 stig gegn Borgnesingum og 31 stig gegn Keflvíkingum.

Þór hefur aftur á móti

tapað báðum leikjum sínum á tímabilinu, fyrir Tindastóli og Njarðvík. Í stórleik 3. umferðarinnar etur Grindavík kappi við Keflavík. Bæði lið eru með tvö stig eftir fyrstu tvær umferðirnar.

Grindvíkingar hafa sagt upp samningum þeirra Terrells Vinson og Michalis Liapis. Lewis Clinch hefur verið orðaður við endurkomu í gula búninginn en ekki liggur fyrir hvort hann, eða annar Bandaríkjamadur, leiki með Grindavík í kvöld. Keflavík tapaði fyrir Njarðvík í 1. umferðinni en vann KR í síðustu viku þar sem Reggie Dupree fór mikkinn á lokakaflanum.

Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15. –**ÞS**

Nýjast

Ólis-deild karla



Afturelding - ÍBV 28-28

Afturelding: Tumi Steinn Rúnarsson 7/2, Elvar Ásgeirsson 6, Birkir Benediktsson 4, Einar Ingi Hrafnsson 2, Sturla Magnússon 2, Gunnar Kristinn Þórsón 2, Böðvar Páll Ásgeirsson 1, Emils Kurzemnišk 1, Júlíus Þórir Stefánsson 1, Árni Bragi Eyjólfsson 1, Finnur Ingi Stefánsson 1/1.

ÍBV: Kristján Örn Kristjánsson 7, Kári Kristján Kristjánsson 6/4, Hákon Daði Styrmissón 5, Fannar Þór Friðgeirsson 5, Theodor Sigurbjörnsson 2, Sigurbjörg Sveinsson 1, Elliði Snær Víðarsson 1, Grétar Þór Eyþórsson 1.

Selfoss - Valur 28-24

Selfoss: Elvar Örn Jónsson 6, Haukur Þrastarson 6, Hergeir Grímsson 5, Atli Evar Ingólfsson 4, Árni Steinn Steinþórsón 2, Guðjón Baldur Ómarsson 2, Richard Sæþór Sigurðsson 1, Einar Sveinsson 1/1, Guðni Ingvarsson 1.

Valur: Vignir Stefánsson 5, Anton Rúnarsson 5/2, Magnús Óli Magnússon 4, Úlfar Páll Þórðarson 3, Agnar Smári Jónsson 2, Orri Freyr Gislasón 1, Sveinn Aron Sveinsson 1, Alexander Örn Júlíusson 1, Robert Aron Hostert 1.

Efri	Neðri	ÍBV	4
Selfoss	9	KA	4
FH	7	Grötta	3
Haukar	7	ÍR	2
Valur	7	AKureyri	2
Afturelding	6	Stjarnan	2
Fram	5		

Domino's-deild kvenna

Breiðablik - Haukar 60-70

Breiðablik: Ragnheiður Björk Einarssdóttir 20, Kelly Faris 15/9 fráköst/7 stoðsendingar/6 stolnir, Björk Gunnarsdóttir 14, Söllilja Bjarnadóttir 5, Isabella Ósk Sigurðardóttir 2, Eyrún Ósk Alfreðsdóttir 2, Anita Rún Arnadóttir 2.

Haukar: LeLe Hardy 27/11 fráköst/9 stoðsendingar/5 stolnir, Þóra Kristín Jónsdóttir 15/10 fráköst, Sigrún Björg Ólafsdóttir 8, Briet Lilja Sigurðardóttir 6, Karen Lilja Owolabi 4, Magdalena Gisladóttir 3, Rósa Björk Pétursdóttir 3, Eva Margrét Kristjánssdóttir 2, Anna Lóa Óskarsdóttir 2.

Keflavík - Skallagr. 75-65

Keflavík: Brittany Dinkins 25/11 fráköst/9 stoðsendingar/7 stolnir, Bryndis Guðmundsdóttir 15, Birna Valgeirsdóttir Benónýsdóttir 13/7 fráköst, Erna Hákonardóttir 8, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 7, Katla Rún Garðarsdóttir 5, Irena Sól Jónsdóttir 2.

Skallagrímur: Brysha Blair 21, Shequila Joseph 20/11 fráköst, Maja Michalska 15/8 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 7/8 fráköst, Ines Kerin 2.

Stjarnan - Snæfell 53-62

Stjarnan: Danielle Victoria Rodriguez 20/13 fráköst/7 stoðsendingar, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 8/7 fráköst, Briet Sif Hinriksdóttir 3, Alexandra Eva Sveinssdóttir 6/7 fráköst, María Florencia Palacios 5, Ragnheiður Benónýsdóttir 4/11 fráköst, Sólrun Sæmundsdóttir 3.

Snæfell: Angelika Kowalska 15/8 fráköst, Kristen Denise McCarthy 14/11 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 13, Katarina Matijevic 9, Gunnhildur Gunnarsdóttir 8/11 fráköst, Rebekka Rán Karlsdóttir 3.

Valur - KR 52-64

Valur: Brooke Johnson 15/9 fráköst, Ásta Júlía Grímisdóttir 8/11 fráköst, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 6, Guðbjörg Sveinssdóttir 6/10 fráköst, Halveig Jónsdóttir 5, Bergþóra Holton Tómasdóttir 5, Simona Podovesova 4/8 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 3.

KR: Orla O'Reilly 26/9 fráköst, Klana Johnson 20/16 fráköst/6 stoðsendingar, Unnur Tara Jónsdóttir 11, Perla Jóhannsdóttir 3, Vilma Kesanen 3, Eygla Kristín Óskarsdóttir 1.

Efri	Neðri	Valur	2
Snæfell	6	Keflavík	2
KR	4	Skallagrímur	2
Haukar	4	Breiðablik	2
Stjarnan	4		




Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.

OPEL CROSSLAND X

AÐEINS ÖRFÁ EINTÖK EFTIR Á ÞESSU FRÁBÆRA VERÐI

Vegna sérstakra aðstæðna eigum við nokkur eintök af beinskiptum Opel Crossland X Enjoy á þessu ótrúlega verði. Opel Crossland X kemur þér hvert á land sem er, allt í senn rúmgóður, sparsamur og þægilegur.



Crossland X Enjoy
Verð: 3.090.000 kr.

Tilboðsverð
2.890.000 kr.



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Crossland X og bókaðu
reynsluakstur á crossland.opel.is

Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Opnunartímar
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bíllit
Benna

Merkiatburðir

1906 Sjó hús brenna og um áttatíu manns missa heimili sín í stórbruna á Akureyri.

1913 Rafveita er vígð á Seyðisfirði, ein sú fyrsta á Íslandi sem nær til heils bæjarfélags og að sjálfsgöngu er haldin ljóshátíð þegar fyrstu rafljósin kvikna.

1922 BBC (British Broadcasting Corporation) er stofnað.

1968 Umdæmi kaþólsku kirkjunnar á Íslandi er gert að sérstöku biskupsdæmi.

1980 Sjötta lota Kröfulelda hefst og stendur í fimm daga. Þetta er þriðja lotan á sama árinu.

1989 NASA skýtur Galileo-geimfarinu á loft.

2006 Microsoft gefur út Windows Internet Explorer 7.



Ástkær dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

Dögg Tryggvadóttir
hjúkrunarfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 10. október. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 22. október klukkan 13.00.

Birna Jónsdóttir
Sólborg Tryggvadóttir **Kristinn Rafnsson**
Jón Tryggvason
og ástvinir.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Eysteinsdóttir

andaðist á heimili sínu í Brákarhlíð, Borgarnesi, sunnudaginn 14. október.

Hanna Kristín Steinunnar- og Þórgrímsdóttir
Erna Þórgrímsdóttir
Hrönn Þórgrímsdóttir
Unnur Þórgrímsdóttir
Elsa Þórgrímsdóttir
tengdasynir, ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Hulda Björk Guðmundsdóttir

hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður til heimilis að Hraunbæ 102g,

lést sunnudaginn 14. október á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin verður frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 23. október kl. 13.00.

Sigurður Óskar Jónasson
Guðmundur Arnar Sigurðsson **Hrafnhildur Harðardóttir**
Anna Sigríður Sigurðardóttir
Jóhann Gunnar Sigurðsson **Elsa Ósk Alfreðsdóttir**
Jónas Viðar Sigurðsson **Maria H. Ólafsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar,

Þóra Þórarinsdóttir

fv. kaupmaður, Laugavegi 76, síðast til heimilis í Bogahlíð 2,

lést föstudaginn 12. október. Útförin fer fram í Fríkirkjunni, Reykjavík, þriðjudaginn 23. október kl. 13.00.

Dæturnar

Tilkynningar um merkiatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.
Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5407.

Býður fjölskyldunni í Fjósið

Fríðrik Sophusson, fyrrverandi ráðherra, er sjöttu og fimm ára í dag og ætlar að fagna því með kvöldverði í Valsfjósinu á Hlíðarenda með nánustu fjölskyldu sinni.

Ég er enn hraustur og vel lifandi," segir Fríðrik Sophusson hressilega, inntur eftir því hvernig árin sjöttu og fimm hafi farið með hann. Fríðrik er, eins og margir muna, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra bæði iðnaðar og fjármála á Íslandi. Skyldi hann alltaf hafa ætlað að verða stjórnmálamaður?

"Nei, það gerðist nú bara," segir hann – eins og afsakandi. „Ég gekk ekki í sjálfstæðisflokkinn fyrr en ég var tuttugu og tveggja eða þrjú ára gamall. En í Háskóla Íslands tók ég þátt í félagsmálum og var formaður Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, í tvö ár. Svo ætlaðist það þannig að ég tók að mér meiri störf en ég hafði hugsað mér og eitt leiddi af öðru. Ég var kjörinn formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna árið 1973 á átakafundi á Egilsstöðum, þar sem Björn Bjarnason var líka í kjöri, og vann með örfárra atkvæða mun. Í framhaldinu mátti um skeið merkja tvær fylkingar í röðum ungra sjálfstæðismanna en eftir því sem árin liðu urðu menn eindregnir samherjar, þar á meðal áttum við Björn Bjarnason afar gott samstarf í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.“

Fríðrik sat á Alþingi frá 1978 til ársbyrjunar 1999 þegar hann tók við sem forstjóri Landsvirkjunar og sinnti því starfi í tæp ellefu ár. Helgi steinninn er ekkert í sjónmáli því Fríðrik sinnir enn ýmsum störfum, til dæmis sem formaður stjórnar Íslandsbanka. „Mér finnst afskaplega spennandi að geta unnið með ungu og vel menntuðu fólki að því að byggja upp fjármálakerfi framtíðarinnar," segir hann og kveðst líka í seinni tíð hafa lagt tveimur „uppeldisfélögum“ lið, skátaheyringunni og Val. Hann sat til skamms tíma í stjórn sam-eignarfélagsins Úlfjótuvatns, sem er í eigu skáta og Skógræktarfélags Íslands og nú er hann stjórnarformaður sjálf-eignarstofnunarinnar Hlíðarenda, sem er bakhjarl Vals. „Valur keypti jörðina Hlíðarenda 1939. Fjósið og hlaðan eru fríuð hús og nýlega voru þau endur-



„Mér finnst afskaplega spennandi að geta unnið með ungu og vel menntuðu fólki að því að byggja upp fjármálakerfi framtíðarinnar," segir Fríðrik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Við nokkrir strákar, sem störfuðum saman í röðum ungra sjálfstæðismanna og erum núna á áttæðis- og níraðisaldri, höfum hist tvisvar í mánuði í fimmtíu ár.

byggð. Þar inni má sjá myndir og muni frá sögu félagsins og nú ætla ég að bjóða nánustu fjölskyldu í mat í Fjósinu."

Fríðrik spilar brídds og fer í veiðiferðir með gömlum skólafélögum auk þess að iðka golf sem hann segir að gangi ekki alltof vel. Svo ferðast þau hjónin, hann og Sigríður Dína Krist-

mundsdóttir, víða. „Einu er skemmtilegt að segja frá, við nokkrir strákar, sem störfuðum saman í röðum ungra sjálfstæðismanna og erum núna á áttæðis- og níraðisaldri, höfum hist tvisvar í mánuði í fimmtíu ár," segir hann. „Fundirnir voru fyrst haldnir í hádeginu á miðvikudögum og þó þeir hafi fæst yfir á föstudaga heitir klúbburinn enn Miðvikudagsklúbburinn. Sumir verða forvitnir þegar þeir sjá okkur koma út úr fundarherbergjum ýmissa veitinga-húsa borgarinnar og hafa spurt: „Hvað eruð þið að ræða?" Einn okkar var orðinn þreyttur á þessu og svaraði: „Við hittumst reglulega til að hlusta á Perry Como!" Þar með var það útrætt mál. gun@frettabladid.is



Ástkær faðir minn, sonur okkar, bróðir og mágur,

Þorbjörn Haukur Liljarsson

lést þann 15. október sl. Útför fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 22. október kl. 15. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjálpræðisherinn.

Alexandra Líf Þorbjarnardóttir
Guðrún Hauksdóttir Schmidt **Liljar Sveinn Heiðarsson**
Dagrún Fanný Liljarsdóttir **Fannar Freyr Bjarnarsson**
Lilja Guðrún Liljarsdóttir **Styrmir Már Sigmundsson**
og fjölskyldur hins látna.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingveldur Sigurðardóttir

(Stella)
til heimilis á Dvalarheimili Stykkishólms,

verður jarðsungen frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 20. október kl. 14. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi, kt. 620269-7009, reikn. 0309-13-209020.

Aðstandendur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Bjarnadóttir

Suðurgötu 16, Reykjavík.

lést á heimili sínu 9. október. Minningarathöfn fer fram frá Dómkirkjunni 24. október kl. 15.

Ragnhildur Thorlacius
Steinninn Thorlacius **Guðjón Ingi Eggertsson**
Gunnlaug Thorlacius **Sigurjón Halldórsson**
Eggert Thorlacius **Stefanía Guðmundsdóttir**
Halla Thorlacius **Sveinbjörn Þórkelsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir, tengdafaðir og besti afi í heimi,

Ulrich Falkner

gullsmíðameistari,
Fornastekk 2.

lést á gjörgæslu Borgarspítalans laugardaginn 13. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu 22. október í faðmi fjölskyldu og vina.

Simon Falkner
Örn Falkner **Guðrún Bjarnadóttir**
Fríðrik Falkner
Arna Falkner

GRAL KYNNIR

SVARTLYNG



ÞT. Mbl.



SJ. Frbl.

„Svartlyng er ein af þessum sýningum sem okkur bráðvantar“

HA. RÚV Menning

„Súrrealísk kómík brotin upp með nítandi ádeilu.“

SJ. Frbl.

„Óborganlega fyndi og súrrealískt.“

HA. RÚV Menning

„Rammpólitískt ádeiluverk sem virkar“

ÞT. Mbl.

„Leikhópurinn allur fer á kostum“

HA. RÚV Menning

„Mikið sjónarspil og hressileg ádeila“

KHP. Hugarás

„Fariði bara í leikhús... og sjáið þetta“

HA. RÚV Menning

SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR

eftir Guðmund Brynjólfsson


TJARNARBIÓ

Takmarkaður sýningafjöldi | Miðasala á tix.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Suðaustan 10-18 og rigning, en þurr norðaustan til. Með kvöldinu snýst vindur til sunnanáttar og lægir um landið vestanvert. Hiti 5 til 10 stig.



Föstudagur



Laugardagur



LÉTT

	2	8			1		
8	3			6	5	9	
			3				
	8		4		1		
4		9	7		5		
3	5		6	2		8	4
	9	4			7		5
1	7		3				6
2		4		9	7		

MIDLUNGS

	5	4		1	2	3	
8		2				5	
	6		5			9	
				3	5		
	8	1		9		5	3
			7	8			1
6		7			9		
3							6
	1	2					

ÞUNG

8				5	6		
		6	7	8			2
			5				
					2		6
2	4				3		8
			5	4		9	1
	3	8					1
1	6		4	9			
4			6				9

Krossgáta

LÁRÉTT

- bik
- rangl
- í röö
- skógarmaður
- samtök
- tangi
- afkvæmi
- án
- koma í ljós
- gæta

LÓDRÉTT

- guðrækin
- samsinna
- kraftur
- gersamlegur
- misbrúka
- ávöxtur
- þvo
- fjör
- tveir eins

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. bik, 2. rangl, 3. í röö, 4. skógarmaður, 5. samtök, 6. tangi, 7. afkvæmi, 8. án, 9. koma í ljós, 10. gæta, 11. guðrækin, 12. samsinna, 13. kraftur, 14. gersamlegur, 15. misbrúka, 16.ávöxtur, 17. þvo, 18. fjör, 19. tveir eins.

Skák Gunnar Björnsson

Evans átti leik gegn Bisguier í Bandaríkjunum árið 1958

1. Bc6! 1-0. Hilmir Freyr Heimisson situr þessa dagana að tafli í Esbjerg í Danmörku og hefur byrjað vel. Hann hefur rafið 2.300 stigamúrinn og verður væntanlega útmefndur FIDE-meistari 1. nóvember sl.

www.skak.is: Lokaumferð EM taffélaga.

Hvítur á leik



7	9	2	4	1	5	3	8	6
6	5	3	7	8	2	9	4	
4	3	8	6	9	2	7	5	1
3	4	9	5	6	7	1	2	8
6	1	7	8	2	3	9	4	5
8	2	5	9	4	1	6	3	7
9	8	3	7	5	6	4	1	2
1	5	6	2	3	4	8	7	9
2	7	4	1	8	9	5	6	3
7	2	9	6	3	4	5	8	1
6	5	3	7	8	1	9	2	4
8	4	1	9	5	2	3	6	7
4	3	2	5	1	6	8	7	9
5	7	6	2	9	8	4	1	3
9	1	8	3	4	7	2	5	6
3	9	7	1	2	5	6	4	8
1	8	5	4	6	3	7	9	2
2	6	4	8	7	9	1	3	5
8	1	7	9	6	3	4	2	5
9	5	2	4	7	8	3	6	1
3	6	4	2	1	5	7	8	9
1	4	6	3	9	7	8	5	2
2	7	3	5	8	6	1	9	4
5	8	9	1	2	4	6	3	7
7	2	5	6	3	1	9	4	8
6	9	8	7	4	2	5	1	3
4	3	1	8	5	9	2	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgian



Barnalán



Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af húgvæða flisum

Flisabúðin
Storbátta 21 | Sí: 545 5500 | flis.is



Við bætum
við bætum

Heima +  = 10×GB

Heima færir þér **tífalt gagnamagn** þegar þú skráir þig í farsímaáskrift hjá Vodafone. Fáðu allt í einum pakka fyrir heimilið og bættu við þig bætum í leiðinni!

Nánari upplýsingar veitir **Vodafone.is**

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

 **vodafone**



Stefano Domenicali, forstjóri Lamborghini, fyrir framan tvo nýsmiðaða Urus-jeppa í verksmiðjunni í St. Agata á Ítalíu.



Lamborghini Urus bílarnir tilbúnir fyrir utan Heklu.



Öll hestöflin fengu smá hvíld í reynsluakstrinum.

Hressir bílar og enn hressari forstjóri

Í síðustu viku voru staddir hér á landi 7 Lamborghini Urus jeppar og forstjóri fyrirtækisins var með í för. Tilefnið var blaðamannakynning á nýjasta bíl Lamborghini. Fréttablaðið fékk að spjalla við forstjórann um nýja bílinn.

Finnur
Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Hressari, viðkunnalegri og alþýðlegri viðmælanda en Stefano Domenicali, forstjóri Lamborghini, er vart hægt að hitta, en Fréttablaðið fékk tækifæri til að ræða við forstjóra þessa ítalska sportbílaframleiðanda yfir ljúfum kvöldverði á Apótekinu í vikunni. Stefano er fullur eldmóds eins og framleiðsluvara fyrirtækis hans og hann kemur til dyranna eins og hann er klæddur. Hann var þó líklega á aðeins meiri klæðnaði hér en í heitu heimalandinu, nýkominn úr frábærum reynsluakstri á íslenskum vegum og ljómaði hreinlega af ánægju.

Ítalir eru þekktir fyrir opið viðmót, að spara ekki orðin og nota allan líkamann í orðræðu sinni. Þar er Stefano engin undantekning og sá sem hlustar hrifst með. Hvernig getur maður svo sem verið forstjóri fyrirtækis sem framleiðir eins spennandi vöru og Lamborghini-sportbíla og sparað svo orðin og haft frá litlu að segja?

Ekki á hverjum degi

Það er ekki á hverjum degi sem forstjórar dáðra bílaframleiðenda koma til Íslands og hvað þá með nokkra bíla af nýjustu framleiðslu sinni. Það gerðist þó í vikunni þegar sjö Lamborghini Urus jeppar sáust hér á götunum ásamt fríðu föruneyti Lamborghini starfsmanna. Ástæða þess að bílarnir og forstjórnin voru hér á landi var kynning á þessum nýja jeppa Lamborghini fyrir bílaþaðamönnum víðsvegar að úr heiminum, sem og vegna myndatöku á þessum kostagrip í ægípagurri náttúru landsins.

Stefano hafði rétt náð að strjúka í gegnum hárið eftir reynsluaksturinn þegar hann var mættur í mat og viðtal. Hann mærið, eins og flestir aðrir,

íslenska náttúru sem blasti við á leið hans að Jökulsárlóni, en það sem meira kom á óvart var hve hann hrósaði íslenskum vegum og sérstaklega hve litil umferð var á þeim. „Það er bara eins og þú séuð einir í heiminum, svona er þetta sko ekki heima í Bologna.“

Markaðurinn óskrar á lúxusjeppa

Aðspurður hvort Lamborghini væri ekki að skaða sportbíla mynd sína með framleiðslu á jeppa sagði Stefano svo alls ekki vera. Markaðurinn hreinlega óskraði á lúxusjeppa og viðbrögðin við Urus væru á þann veg að það myndi taka meira en ár að framleiða bara upp í þær pantanir sem komnar eru í bílinn. Svo mikill markaður væri fyrir svona bíla í heiminum að það hefði meira að segja komið honum á óvart. Þó svo þessi bill væri langt í frá ódýr og myndi kosta hér yfir 40 milljónir króna, væri nóg af kaupendum slikra bíla og mörkuðunum færi sífellt fjölgandi. Hann nefndi sem dæmi Kína, Austurlönd, Rússland, Bandaríkin og Asíalíu.

Stefano bætti því þó við í mikilli kurteisi að fáir markaðir væru heppilegri fyrir slíkan bíl en Ísland, hér væri sko landslag fyrir slíkan bíl sem lét fátt stöðva sig. Þess vegna valdi hann Ísland fyrir þessa kynningu nú, það var í hans verkahring og einskis annars. Stefano hefur komið til Íslands áður og féll strax fyrir landinu og minnst þess svo vel þegar kom að því að velja heppilegasta staðinn. Það kom skýrt í ljós hve mikið hann dái landið, náttúruna og veginna. „Við förum í smá torfærur í dag á leið okkar og vá, hvað það var gaman, það var eins og þær væru sérsníðnar fyrir bílinn.“

Urus tvöfaldar framleiðslu

Lamborghini er ekki stór bílaframleiðandi í samanburði við þá stærstu og framleiddi aðeins ríflega 3.800 bíla í fyrra og það aðeins af tveimur



Hreint magnað aksturtækni, Lamborghini Urus, og þau finnast vart betri.



Lamborghini Urus bill settur saman í verksmiðju Lamborghini á Ítalíu.

gerðum, Huracán og Aventador. Því er Urus þriðja bílgerðin í takmarkaðri flöru bíla þeirra en gæti samt skipt svo miklu máli. Stefan er nefnilega sú að tvöfalda framleiðslu Lamborghini með þessum jeppa. Sala á honum hefst í ár og heildarsalan nær með því líklega um 5.700 bílum, en á næsta ári stefnir í 8.000 bíla sölu. Það er ekki skot út í loftið því nú þegar eru

komnar pantanir í slíkan fjölda.

Stefano bætti við að það væri alls ekki sýn þeirra Lamborghini-manna að fara í átt að massasölu bíla sinna. Það muni aðeins skaða Lamborghini og of mikið magn myndi einungis þynna út áhugann á gæðasmíði þeirra. Rétt er að hafa það í huga að fyrir aðeins fimm árum framleiddi Lamborghini aðeins um 2.000 bíla á

ári. Í 55 ára sögu Lamborghini hefur fyrirtækið ekki mikið látið á sér þera á markaði og í fjölmiðlum en nú hafi verið tekin ný stefna. Fylgjendum á samfélagsmiðlum hefur til dæmis fjölgað sjófalt á milli ára og flestir virðast nú þekka til bíla Lamborghini, ekki síst nýja bílsins Urus.

Munu taka þátt í rafmagnsvæðingunni

Þegar Stefano var spurður um það hvort Lamborghini, sem hingað til hefur ekki rafmagnsvætt bíla sína, yrði ekki ýtt í þá átt með reglugerðum kvað hann svo einmitt vera. Lamborghini muni bæði bjóða Urus, sem og Aventador og Huracán sem tengiltvinnbíla á næstunni og að því sé unnið nú. Hvernig má reyndar annað vera þar sem Lamborghini er undir hatti Volkswagen Group sem hefur einart tekið stefnuna í þá átt. Reyndar heyrir Lamborghini undir Audi sem heyrir líka til Volkswagen Group bílasamstæðunnar stóru. Stefano bætti því við að það hefði verið mikið gefuspor þegar Lamborghini rann undir verndarvæg Audi árið 1998 og annars hefði fyrirtækið líklega orðið gjaldþrota, sem og Bugatti.

Forstjórnin vildi meina að það væri mikill styrkur í því að vera partur af þessum stærsta bílaframleiðanda heims og samnýting og sameiginleg þróun á bílum allrar samstæðunnar væri grundvöllur fyrir góðum rekstri allra þeirra. Stefano bætti því við að þrýstingum sem bílaöndurinn er beittur af yfiröldum, sérstaklega í Evrópulöndum, á að minnka svo gríðarhratt mengun bíla sinna væri hægt að ljúka við norrnaveiðar. Á meðan væri öðrum mengandi iðnaði og samgöngum ekki gert að gera neitt til að sporna við mengun. Nær hefði verið að allir bílaframleiðendur heims hefðu bundist samkomulagi um að mótmæla þessum gríðarlega þrýstingi og beita mótaðgerðum.

nettó

LJÚFFENGUR HELGARMATUR



-50%

FRÖNSK PURUSTEIK

499 KR
KG

ÁÐUR: 998 KR/KG



-50%

BAYONNE SKINKA
KJÖTSEL

998 KR
KG

ÁÐUR: 1.995 KR/KG



-40%

KJÖRFUGL KJÚPLINGALEGGIR
Í TEXAS-, INDVERSKRI-
EDA BBQ SÖSU

539 KR
KG

ÁÐUR: 898 KR/KG



-30%

NAUTA MÍNÚSTEIK
FERSKT

2.659 KR
KG

ÁÐUR: 3.798 KR/KG



-35%

SIRLOINSNEIÐAR Í RASPI
FERSKT

1.624 KR
KG

ÁÐUR: 2.498 KR/KG



-30%

HANGIFRAMPARTUR
SAGAÐUR MEÐ BEINI

1.259 KR
KG

ÁÐUR: 1.798 KR/KG



-12%

LAMBAINNRÁLÆRI
FERSKT

3.166 KR
KG

ÁÐUR: 3.598 KR/KG



-10%

OPAL LAXASTEIKUR
FERSKAR BEINLAUSAR MEÐ ROÐI

2.698 KR
KG

ÁÐUR: 2.998 KR/KG

MANGÓ! MANGÓ! MANGÓ!



-50%

279 KR
KG

ÁÐUR: 558 KR/KG



-30%

ÍTALSKT FILONEBRAUÐ 635GR

279 KR
STK

ÁÐUR: 398 KR/STK



-50%

KLEINHRINGIR

99 KR
STK

ÁÐUR: 198 KR/STK

Tilboðin gilda 18. – 21. október 2018 www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandí • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

nettó

NETTO

www.netto.is

MENNING

En rökhugsunin er svo svifasein

Guðrún Hannesdóttir er höfundur ljóðabókarinnar Þessa heims. Segist hafa fengið fyrirbærið þögn nánast á heilann. Skoðar það sem henni er hugstæðast og hjartfölgjast.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



arinnar. „Stundum er sagt að orð séu til alls fyrst og það var í raun og veru eitt stakt orð sem ytti þessari bók af stað,“ segir hún. „Ég sat eitt sinn í hópi kunningja frá ýmsum löndum og talið barst að ólíkum tungumálum. Fólkíð var forvitnið um íslenskuna, meðal annars um bókstafina þ, ð og ö. Þegar ég var beðin um að nefna dæmi nefndi ég orðið þögn. Það þótti þeim stórfurulegt og heldur kuldalegt í samanburði við orð yfir þögn á þeirra tungumáli, einkum hvernig það var höggvið í sundur af framburðinum. Osveigjanlegt og órlagaþrungio eins og margt annað í okkar harða heimi.

Út frá þessu fór ég að hugsa um fyrirbærið þögn og fékk það hálfpartinn á heilann. Það er svo sannarlega ekki frumleg hugsun og þegar ég gæði betur sá ég að hún hafði afar oft skotið upp kollinum í mínum fyrri bókum, stundum nokkuð ljúf og glaðbeitt. Ég hafði ekki gert mér fulla grein fyrir því.“

Litir og leiftur

Hvernig heldur þú að standi á þessu?

„Ég held bara að ég hafi aldrei komist yfir þá bernsku tilfinningu að ég sjálf sé búin til úr þögn. Og ekki nóg með það – að landið



„Ég held bara að ég hafi aldrei komist yfir þá bernsku tilfinningu að ég sjálf sé búin til úr þögn,“ segir Guðrún. MYND/MAGNÚS KAREL HANNESSON

ÞANNIG ERU LJÓÐIN Í ÞESSARI BÓK, STUTT OG AUÐSKILIN SMÁLEIFTUR ÚR MINNINU ÞÖGLA, GÖMUL OG NÝ.

Eilífðarverkefni sem sagt og líklega veitti ekki af fleiri en einni eilífð! Í þokkabót er ekki til svo aumt fyrirbæri að það hafi ekki fleiri en eina hlíð, sumar margbrotnar, og auk þess oftast bæði réttverfu og rangverfu.

Aðferðirnar eru margar við að reyna að komast í trúnaðarsamband við sjálfan sig og heiminn sem er svo undraflókinn, bæði grimmur og fagur. Það eru til heilu hátímbrúuðu fræðigreinar um þá skynjun, eins og til dæmis sjálf fyrirbærafræðin. Að horfa og hlusta í gegnum þögnina er síður en svo hjálplegt leikmánni í þeim vangaveltum, en skemmtilegt!

En rökhugsunin er svo svifasein að miklu betra er að stytta sér leið en að eyða tíma í að leysa rembihnúta. Það min eðlislæga leið og eiginlega eina færa leiðin – ég leyfi bara hendingu að leiða hugann

og vona að sama gerist og þegar rugguð vatn fær að vera kyrrt: það verði á endanum tært.

Þannig eru ljóðin í þessari bók, stutt og auðskilin smáleiftur úr minninu þöglu, gömul og ný.“

Veik fyrir ranghverfum

Kápu mynd ljóðabókarinnar er ranghverfa altarisklæðis úr Laufáskirkju frá 1694. Guðrún er spurð af hverju það hafi orðið fyrir valinu. „Mér þykja altarisklæði vera áhugaverð fyrirbæri. Fyrir skömmu rakst ég á mynd af einu



Kápu mynd ljóðabókarinnar er ranghverfa altarisklæðis úr Laufáskirkju sem er frá 1694.

sjálf sé spunnit úr þögn. Og jafnvel sjálf tilveran! Þessi afgamla hugljómun býr enn með mér. Að þögnin sé eins og hvíti liturinn sem felur í sér alla aðra liti. Þar glittir þó í ýmsa liti og leiftur ef maður rýnir nógu fast. Leiftur af þessum heimi. Þar af kom bókinn, þar af titillinn.“

Hvernig skynjar þú þessi leiftur?

„Það er auðvitað óðs manns æði að reyna að skilja og greina allt sem ber fyrir mannlega vitund, þó það sé nú einlægt okkar allra sýsl og basl. Í þessari bók er ég eins og í fyrri bókum að skoða það sem er mér hugstæðast og hjartfölgjast og reyna á einhvern hátt að fíkra mig nær því, að öræðum mörkum og hverfulum kennileitum þessa lífs, svo maður gerist hátíðlegur! Ein landamærin liggja að bernskulandinu, önnur að sögunni, þriðju að tungumálinu, landinu og náttúrunni, örlögum manna, dýra, jurta.

sliku á vef þjóðminjasafnsins og fannst það fallett. Svo sá ég að þetta var bakhlíð klæðisins og þótti það ekki verra, því ég er veik fyrir ranghverfum alls konar.

Hólmfríður Sigurðardóttir var stórættuð hefðarkona fyrir vestan, á 17. öld. Hún var vellauðug og komin af folki sem hafði treyst að sinn og völd með giftingum mann fram af manni og barst mikið á. Þetta fólk átti landið svo að segja og gat umvafið sig fögrum hlutum. Ranghverfan á þeirri tíð hefur verið hryllileg, harðindi og óáran þegar sveltandi almúginn stráfél á leið milli bæja í leit að björg.

Altarisklæðið gerði dóttir hennar Ragnheiður, hannyrðakonan mikla á 5000-kallinum, og gaf Laufáskirkju fyrir legstað sinnar sælu móður og er framhlíð klæðisins fögur sjón eins og til stóð. Ranghverfan er interessant líka.“

ÓÐALS TINDUR
ÚR FÓRUM MEISTARANS

FÆST NÚ Í SNEIÐUM

Synir hafsins

BÆKUR

Eftirbátur

★★★★★

Rúnar Helgi Vignisson

Útgefandi: Dimma

Fjöldi síðna: 226



Það er sitt hvað faðirvor og faðir vor," segir sögupersónan Ægir þegar hann fréttir af því að faðir hans Sævar hefur týnst á sjó vestur af fjörðum. Þar með hefst leitin að föðrunum sem á vissan hátt er „faðir allra feðra“. Það er leitin að upprunum, rótunum, arfleifðinni, sjálfum sér.

Leiðin liggur um votar slóðir á sögu sviði aldanna þar sem lífsbaráttan við sjónin markast af vöðueign við náttúruna, lífið og dauðann. Sagan er fantasía þar sem stuðst er við þá ævagaömlu aðferð þjóðsagna og ævintýra að ferðast milli „heima“ – af einu tíma- og sögu sviði yfir á annað. Skilin þar á milli eru táknud með þoku. Aðalpersónan lifir í nútíðinni en bregður sér um sögu svið forfæðanna á litlum báti. Draumur fléttast við veruleika. Fortíðin gengur aftur í nútímanum. Sjómaðurinn gamli sem fer með Ægi í leitarleiðangra hans ber með sér útlit allra bátsformanna um aldir og draga má í efa að hann sé raunveruleg persóna. Stóðugur stendur hann við stýrið á sjónum en eins og þegar múkkanum fatast flugið yfir landi, lamast fætur hans um leið og hann stigur á þurrt. Verður þá „hálfur maður“.

Eftirbátur er áttunda skáldsaga Rúnars Helga Vignissonar (f. 1959). Sjórinn hefur áður verið honum hugleikinn, eins og til dæmis í fyrstu bók hans Ekklert slor (1984), enda er hann borinn og barnfæddur við Ísafjarðardjúp líkt og efnistöð bókanna gefa til kynna. Á köflum getur að litla hressilegt sjómanna máli en ekki er vist að allir lesendur tengi jafn vel við málfræði sem höfundir virðist samt á tungu – orðatiltæki á borð við „það skal ekki skarða“ eða veðurfarssýsinguna „kaldaskít“ svo dæmi sé tekið. Samanborið við sjómennskutalið skýtur því skökklu við, þegar ástir og kynlíf koma til tals, að sjá gripið til rósamálans. Er engu líkara en höfundur vilji gera því efni skil en veigir sér samt við því (hjólin eru „í göðum gir“, það lífnar yfir honum „neðanþílla“ o.s.frv.). Útkoman verður tilgerð sem á illa heima í andrúmi sögunnar og er óþörf því sumu hefði einfaldlega mátt sleppa.

Á öðrum sviðum tekst betur til með húmor og stílfimi. Núningur milli fortíðar og nútíðar er undirstríkaður með (visvitandi) ósamræmi orðræðu og andrúmslofts, þar sem aðalpersónan Ægir botnar ekkert í því sem fyrir augu ber enda veit hann „andskotann ekkert um fortíðina“. Ekkert frekar en börnin sem skilja ekki orðið „hégómi“ heldur „halda að þetta sé eitthvert tannlekanamál“.

Hér er sögð saga allra sjómanna (og raunar fleiri) sem lífað hafa og dáið við Ísafjarðardjúp en ganga aftur í afkomendum sínum kynslóð eftir kynslóð. Synir hafsins – eins og nöfnin votta – sækja sjóinn mann fram af manni, þó með þá von í brjósti að afkomendurnir hljóti annað hlutskipti. „Farðu aldreí á sjó“, segir faðirinn við soninn. „Sama hvað þér býst gott pláss.“ Sonurinn dauðfeyrist við. Nauðugur viljgur er hann dreginn áfram af dularöflum fortíðar sem eru eins og „óljós marglyttuþráður kominn úr undirdjúpunum“. Ástæðan er „ekki svar heldur kenn“ sem fyrir löngu var orðið í hendingu sálmsins góða og leiðarstefi bókanna. Föðurland vort hálf t er hafíð – helgað þúsund feðra dáð. Ólína Kjerulf Þorvarðardóttir

NIDURSTADA: Það er sitt hvað saga og Sagan – en þær systur fléttast þó býsna vel saman í þessari áhugaverðu bók.

Syngur í Rínargulli Wagners í Þýskalandi og ariur í Hannesarholti

Basasöngvarinn Bjarni Thor Kristinnson syngur á hádegis-tónleikum í Hannesarholti á sunnudaginn, 21. október, klukkan 12.15. Tónleikarnir eru liður í dagskrá Óperudaga og bera titilinn Litíð um öxl. Bjarni og Ástríður Alda Sigurðardóttir pianóleikari ætla þar að kíkja í gamlar tónleikaskrár og setja saman dagskrá úr vel völdum arium og öðrum lögum sem þau hafa áður flutt.

Bjarni kveðst vera mikið á ferðinni núna fram og til baka milli Þýskalands og Íslands. „Ég er staddur í



Bjarni Thor. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

ÉG ER STADDUR Í ÞÝSKALANDI Í DAG OG STÍG HÉR Á SVIÐ Í KASSEL EFTIR TVO TÍMA, EN KEM HEIM Á MORGUN.

Þýskalandi í dag og stíg hér á svið í Kassel eftir tvo tíma, en kem heim á morgun,” segir hann.

Í Kassel fer hann með hlutverk Óðins í uppfærslu á Rínargulli Wagners. En hann er líka leikstjóri gamanóperunnar Brymskviðu eftir Jón Ásgeirsson sem er verið að æfa á

Íslandi og verður frumsýnd í Norðurljóssal Hörpu um aðra helgi.

